

# **Yfirlitsskýrsla**

## **sendiráðs Íslands**

### **í Brussel**



**Júní til desember 2006**

EFNISYFIRLIT:	
INNGANGUR .....	5
YFIRLIT .....	6
STJÓRNARSKRÁRSÁTTMÁLI ESB.....	6
STÆKKUN ESB .....	7
STÆKKUN EES .....	8
SAMNINGAR UM VIÐSKIPTI MEÐ LANDBÚNAÐARAFURÐIR .....	8
UTANRÍKISVIÐSKIPTASTEFNA ESB.....	8
EFNATILSKIPUN ESB .....	9
EES SAMNINGURINN.....	9
UTANRÍKIS- OG ÖRYGGISMÁL .....	10
DÓMS- OG INNANRÍKISMÁL.....	10
SCHENGENSAMNINGURINN OG TENGD MÁL .....	10
1. Almenn.....	10
2. Samsetta nefndin .....	11
3. Schengen úttektir .....	11
4. Schengen upplýsingakerfið, SIS II, SIS1+ og tenging nýju ríkjanna .....	11
5. Ýmis mál afgreidd í samsettu nefndinni .....	12
6. Mál til meðferðar í samsettu nefndinni .....	13
7. Landamærastofnun.....	13
8. Vinna á vegum framkvæmdastjórnarinnar.....	13
7. Samningar tengdir Schengen samstarfinu.....	13
EES-SAMNINGURINN.....	14
1. Frjáls för launafólks .....	14
2. Samstarf á sviði almannavarna .....	14
FÉLAGS-, ATVINNU- OG SVEITARSTJÓRNARMÁL.....	14
FÉLAGSMÁL.....	14
<i>Ný áætlun á sviði félagsmála, vinnumála og jafnréttismála.....</i>	14
<i>Ár jafnra tækifæra 2007.....</i>	15
<i>Félagsleg þjónusta í almannabágu.....</i>	15
JAFNRÉTTISMÁL .....	15
<i>Ný jafnréttistilskipun ESB.....</i>	15
<i>Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins .....</i>	15
<i>Vegvísir í jafnréttismálum.....</i>	16
<i>Tilskipun um jafnræði kynja í þjónustuviðskiptum .....</i>	16
VINNUMÁL.....	16
<i>Grænbók um vinnulöggjöf.....</i>	16
<i>Leiðbeinandi reglur um útsenda starfsmenn.....</i>	17
FJÁRMÁL .....	18
HELSTU GERÐIR SEM VORU TIL UMFJÖLLUNAR Á TÍMABILINU .....	18
1. Öryggisráðstafanir við tollframkvæmd .....	18
2. Alþjóðlegir reikningsskila- og endurskoðunarstaðlar .....	18

3. Opinber innkaup.....	20
4. Starfstengdur lífeyrir.....	20
5. Opinber aðstoð og styrkir.....	21
6. Gagnsæi fjármálatengsla.....	23
HEILBRIGÐISMÁL OG ALMANNATRYGGINGAR.....	24
HEILBRIGÐISMÁL.....	24
Heilbrigðisáætlun ESB.....	24
Samráðsferli hafið um mótun heilbrigðisstefnu ESB.....	25
Embættismannanefnd um heilbrigðisþjónustu.....	25
Heilbrigðisþjónusta á innri markaði.....	25
Sameiginleg viðmið um heilbrigðisþjónstu.....	26
LYFJAMÁL.....	26
Ný lyfjalöggjöf.....	26
Skýrsla um framkvæmd blóðtilskipunar.....	27
Samráðsvettvangur á sviði lyfjamála – Pharmaceutical forum.....	27
Tillaga frá ESB um lækningatæki.....	27
ALMANNATRYGGINGAR.....	28
Endurgerð reglugerðar um almannatryggingar.....	28
Rýmkun á reglugerð um almannatryggingar 1408/71/EB til borgara þriðju ríkja..	28
IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTAMÁL.....	29
FJÁRMÁLAPJÓNUSTA.....	29
NEYTENDAMÁL.....	30
SAMKEPPNISMÁL.....	30
FÉLAGARÉTTUR.....	30
NÝSKÖPUN.....	30
Byggðakort.....	30
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.....	30
CIP (Competitiveness and Innovation Programme).....	30
Your Europe- IDABC.....	31
ORKUMÁL.....	31
Grænbók um European Strategy for Sustainable, Competitive and Secure Energy. 31	
Grænbók um Maritime Policy - frestur til umsagna 1. júlí 2007.....	31
Tilskipun um viðskipti með útreymisheimildir gróðurhúsalofttegunda. (Trading scheme for greenhouse gas emission).....	31
ÞJÓNUSTUTILSKIPUN.....	32
LANDBÚNAÐARMÁL.....	32
HELSTU GERÐIR SEM ERU TIL UMFJÖLLUNAR.....	32
Tilskipanir um heilbrigði landbúnaðarafurða.....	32
Nýjar heilbrigðisreglur koma til framkvæmda – Matvælaöryggisstofnunin.....	32
Þjálfunar og kynningarnámskeið.....	33
Tilsk. 1774/2002 um aukaafurðir búfjár.....	34
Riðusjúkdómar – Transmissible Spongiform Encephalopathy – (TSE).....	34
FISKIMJÖL OG BANN VIÐ NOTKUN ÞESS Í FÓÐUR JÓRTURDÝRA – FEED BAN -.....	35
LÍFRÆN LANDBÚNAÐARFRAMLÆIÐSLA.....	36
FUGLAFLENSA (AVIAN FLU).....	37
SJÚKDÓMASMIT FRÁ MATVÆLUM.....	37
ENDURSKOÐUN Á VIÐAUKA I VIÐ EES SAMNINGINN.....	37
Heilbrigði dýra – ADNS.....	38
Tvíhliða samningur um landbúnaðarafurðir – Endurskoðun.....	39

Hin almenna landbúnaðarstefna ESB.....	39
<b>MENNTA-, MENNINGAR- OG ÆSKULÝÐSMÁL.....</b>	<b>40</b>
ÁÆTLANIR EVRÓPUSAMBANDSINS Á SVIÐI MENNTAMÁLA, MYNDMIÐLUNAR, MENNINGARMÁLA OG ÆSKULÝÐSMÁLA.....	40
SJÓNVARP ÁN LANDAMÆRA.....	40
TILMÆLI OG STEFNUMÓTUN EVRÓPUSAMBANDSINS Á SVIÐI MENNTA- OG MENNINGARMÁLA.....	40
<i>Evrópskur rammi um hæfnismat.....</i>	40
<i>Skilvirkni og jöfnuður til náms.....</i>	41
<i>European Quality Charter for Mobility.....</i>	41
<i>Grundvallarfærni og þekking.....</i>	41
<i>Mótun menningarstefnu Evrópusambandsins.....</i>	41
<i>Ný rammaáætlun um fjöltyngi.....</i>	42
<i>Fjölmíðlalæsi.....</i>	42
<b>RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN.....</b>	<b>42</b>
6. RAMMAÁÆTLUN ESB.....	42
7. RAMMAÁÆTLUN ESB.....	42
<i>EFTA.....</i>	43
<i>ANNAÐ.....</i>	43
<b>SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTAMÁL.....</b>	<b>43</b>
GRÆNBÓK UM MÁLEFNI SIGLINGA OG SJÁVAR.....	44
ÞRIÐJI SIGLINGAPAKKINN.....	44
PÓSTMÁL.....	44
FLUGMÁL – ALMENNT.....	45
LOFTFERÐASAMNINGAR.....	45
SAMEIGINLEGT EVRÓPSKT LOFTRÝMI – SINGLE EUROPEAN SKY.....	46
FLUGÖRYGGIS- OG FLUGVERNDARMÁL.....	46
LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA FRÁ FLUGVÉLUM.....	47
ENDURSKOÐUN FJARSKIPTAPAKKANS.....	47
Reglugerð um reiki utanlands.....	48
Úthlutun ESB 116 númera.....	48
ENDURSKOÐUN SAMGÖNGUSTEFNU EVRÓPUSAMBANDSINS.....	48
Afturvirkar kröfur um baksýnispegla á vöruflutningabifreiðar yfir 3,5 tonn.....	48
<i>eSafety áætlun Evrópusambandsins.....</i>	48
<b>SJÁVARÚTVEGSMÁL.....</b>	<b>49</b>
MÁL SEM TENGJAST VIÐAUKA I í EES-SAMNINGNUM.....	49
MÁL SEM TENGJAST SJÁVARÚTVEGI OG UMHVERFISMÁLUM.....	49
EU Marine Strategy – Hafstefna ESB. Rammatilskipun um umhverfisstefnu varðandi hafið.....	49
EU Maritime Policy – Heildstæð stefnumörkun í málefnum sjávar og siglinga.....	50
HELSTU STEFNUMÁL FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR ÁRIÐ 2007.....	51
<b>UMHVERFISMÁL.....</b>	<b>52</b>
VIÐSKIPTI MEÐ LOSUNARHEIMILDIR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA (ETS-EMISSION TRADING SCHEME).....	52
EU MARINE STRATEGY – HAFSTEFNA ESB. RAMMATILSKIPUN UM UMHVERFISSTEFNU VARÐANDI HAFIÐ.....	53
EU MARITIME POLICY – HEILDSTÆÐ STEFNUMÖRKUN Í MÁLEFNUM SJÁVAR OG SIGLINGA.....	54
TILSKIPUN UM EFNI OG EFNAVÖRUR - REACH.....	55
ÁHERSLUR Á SVIÐI UMHVERFISMÁLA Á FORMENNSKUTÍMABILI ÞÝSKALANDS, 1. JAN. – 30. JÚNÍ 2007.....	56

## INNGANGUR

Meginhlutverk sendiráðsins er að taka þátt í rekstri EES- og Schengen samninganna, rækja samskiptin við Evrópusambandið (ESB) og aðildarlönd þess, gæta hagsmuna Íslands og reka erindi landsins á þessum vettvangi. Þetta verkefni spannar í raun í meira eða minna mæli öll svið stjórnslu og stjórn mála á Íslandi. Í samræmi við það eru hin ýmsu fagráðuneyti á Íslandi með fulltrúa í sendiráði Íslands gagnvart ESB. Eftirfarandi skýrsla ber þessa einkenni.

Í þessum inngangi er gerð grein fyrir skipan skýrslunnar, mönnun sendiráðsins og helstu heimsóknum. Þar á eftir er yfirlitskafla, þar sem drepíð er á mál sem efst eru á baugi. Þar næst kemur kafla um utanríkis- og öryggismál, en síðan fylgja kaflar um einstök málefna svið og er þá fylgt ráðuneytaskiptingu á Íslandi. Í þeim er gerð nánari grein fyrir því sem til umfjöllunar er innan sviða hinna ýmsu ráðuneyta. Nokkur mál falla undir fleiri en eitt ráðuneyti og má þá eftir atvikum finna greinargerðir þar um á fleiri en einum stað. Þessir kaflar skýrslunnar eru teknir saman af fulltrúum viðkomandi ráðuneyta í sendiráðinu.

Á tímabilinu var tekið á móti ýmsum hópum gesta sem gjarnan koma úr ýmsum áttum svo sem úr skólum og á vegum félagasamtaka. Er þetta orðinn reglulegur liður í starfsemi sendiráðsins. Af heimsóknum er helst að nefna heimsókn tveggja hópa á vegum upplýsingaskrifstofu NATO á Íslandi. Einnig má nefna að dómsmálaráðherra sótti fundi dóms- og innanríkisráðherra ESB á vettvangi Schengen auk þess sem félagsmálaráðherra heimsótti Brussel í tengslum við opnun skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel. Af sama tilefni sótti stjórn sambandsins sendiráðið heim og fundaði með starfsmönnum þess. Einnig sótti umhverfisráðherra óformlegan fund umhverfisráðherra Norðurlandanna í tengslum við fund umhverfisráðherra ESB í Luxemborg. Utanríkisráðherrar EFTA ríkjanna áttu einnig á tímabilinu fund með sameiginlegu EES þingmannanefndinni og fór fundurinn fram í Evrópuþinginu. Samgönguráðherra heimsótti Brussel í desember og átti fund með norrænum og baltneskum samráðherrum sínum auk þess að undirrita ásamt Viviane Reding framkvæmdastjóra hjá ESB yfirlýsingu um sjálfvirka neyðarhringingu frá bifreiðum. Að lokum má nefna fund þingmannasamtaka ÖSE sem haldinn var í Brussel á tímabilinu en af því tilefni var íslenska þingmannanefnd ÖSE stödd í Brussel.

Vert er að nefna að nýir stjórnendur EFTA komu til starfa á tímabilinu þegar Kåre Bryn tók við starfi framkvæmdastjóra og Lilja Viðarsdóttir (Brussel) og Dider Chambovey (Genf) við stöðum aðstoðarframkvæmdastjóra.

Á sviði menningarmála má nefna ljósmyndasýningu belgíska ljósmyndarans Martins Santander á myndum sem teknar voru á Íslandi á árinu, en sýningin var opnuð um miðjan desember. Einnig þátttöku í norrænum tungumáladegi og þátttöku í sýningu á norrænu jólahaldi í Gaasbeek-kastala.

Eftirtaldar breytingar urðu á starfsliði sendiráðsins á tímabilinu. Leifur Eysteinnsson tók við starfi fulltrúa fjármálaráðuneytis af Angantý Einarssyni, Kolbeinn Árnason fulltrúi sjávarútvegsráðuneytis hélt til annarra starfa og hefur Þóra Magnúsdóttir tekið við starfinu tímabundið, Þorgeir Ólafsson tók við starfi Þóru Magnúsdóttur sem annar af tveimur fulltrúum menntamálaráðuneytis og Kristín Ólafsdóttir tók við starfi Írisar Magnúsdóttur sem ritari. Auk þess tók Gaëtan Fagnart við starfi staðarráðsins ritara en jafnfamt hefur Alice Nguyen Hoang gegnt tímabundnu starfi ritara í barnsburðarleyfi Karenar Govaerts. Að lokum skal nefnt að Halla Hrund Logadóttir starfar við sendiráðið við undirbúning íslenskrar menningar- og listahátíðar sem ráðgert er að halda í Belgíu árið 2008 í samvinnu við menningarmiðstöðina BOZAR.

## YFIRLIT

Síðari hluta ársins 2006 sat Finnland í stól formennsku ESB og verður ekki annað séð en að þeir hafi gegnt hlutverki sínu af stakri þryði. Ekkert eitt stendur upp úr í lok formennskutíðar Finna en þó mætti nefna samkomulag um afgreiðslu nýs regluverks um efni (REACH) og ákvarðnir um inngöngu nýrra ríkja í Schengensamstarfið. Ekki verður þó framhjá því litið að það voru finnsku formenskunni mikil vonbrigði að takast ekki að hefja samningaviðræður við Rússland um nýjan samstarfssamning en það sem kom í veg fyrir það var að Pólverjar neituðu að samþykkja umboð til handa framkvæmdastjórn ESB að hefja viðræðurnar þar sem Rússar hefðu kosið að banna innflutning á pólsku kjöti. Kváðu Pólverjar að ekki kæmi til greina að hefja viðræður við Rússa meðan þannig stæði á og við það sat þrátt fyrir viðleitni Finna á ædstu stigum. Einnig voru það Finnum vonbrigði að takast ekki að koma á lausn á málefnum Kýpur og Tyrklands sem greitt hefði fyrir opnun samgangna á milli Kýpur og Tyrklands.

Eitt einkenna formennsku ESB nú til dags er að undir sumt er hægt að undirbúa sig en annað ekki. Kristallaðist það vel í formennsku Finna því það var ekki langt liðið á hana þegar stríð í Líbanon braust út sem setti nokkuð mark sitt á pólitískt starf ESB.

Að öðru leyti má nefna neðangreind atriði sem borið hafa hátt síðari hluta ársins 2006.

### **STJÓRNARSKRÁRSÁTTMÁLI ESB**

Fjallað hefur verið um sáttmálann í mörgum undanfarandi skýrslum sendiráðsins. Efnisleg framþróun hefur ekki verið mjög sýnileg á síðari hluta ársins en þó virðist ljóst að hreyfing er að komast á málín í þá átt að aðildarríkin ætli sér að taka á ný til við að fjalla efnislega um nýjan grunnsáttmála ESB. Sem fyrr eru ólík sjónarmið um hvert beri að stefna en margt bendir til að aðildarríkin séu hægt og bítandi að þoka sér út úr tímabili íhugunar og yfir í það að takast á við málið efnislega. Virðist sem Þjóðverjar muni hafa málið hátt á sinni dagskrá til að leita leiða til finna sameiginlegan grundvöll til samkomulags sem komandi formennskur geti byggt á. Athygli vekur að undir lok ársins hafa Spánverjar og Luxemborg tekið frumkvæði í að boða sérstakan fund þeirra aðildarríka ESB sem fullgilt hafa sáttmálann og að því búnu lýst yfir að þau vilji halda fund allra aðildarríkja um málið síðar. Eru tilfinningar þeirra ríkja sem ekki hafa fullgilt sáttmálann nokkuð blendnar til þessa frumkvæðis. Þetta staðfestir væntanlega eingöngu

þau ólíku sjónarmið sem eru á milli annars vegar þeirra sem þegar hafa fullgilt sáttmálann og vilja halda sig sem mest við efni hans og hins vegar þeirra sem ekki hafa fullgilt og vilja t.d. einbeita sér að stofnanalegum þáttum og takmarka því mjög umfang nýs sáttmála en þar fara Frakkar fremstir í flokki.

### **STÆKKUN ESB**

Endanleg ákvörðun hefur verið tekin um að Búlgaría og Rúmenía verða ný aðildarríki ESB frá 1. janúar 2007. Mun verða grannt fylgst með þeim þar sem enn eru veikleikar á ýmsum sviðum innanlands hjá ríkjunum tveimur.

Hvað varðar verðandi aðildarríki þá standa samningaviðræður yfir við Króatíu og Tyrkland. Samningaviðræður ganga ekki mjög hratt en svo virðist sem vegur Króatíu sé einfaldari þó vissulega sé ýmislegt sem þar má betur fara og langur vegur frá því að ríkið sé tilbúið fyrir aðild; pólitísk vandamál eru takmörkuð en einna helst horft til mikilvægis þess að Króatía eigi gott samstarf við stríðsglæpadómstólinn. Öðru máli gegnir um Tyrkland en áður hefur í þessum skýrslum verið fjallað um málefni Tyrklands en þróunin hefur frekar orðið á verri veginn fyrir Tyrki á síðari hluta ársins. Hafa þeir kosið að efna ekki skuldbindingar sínar samkvæmt samningi sínum við ESB og opna fyrir samgöngur við Kýpur. Hafa Tyrkir neitað að gera það meðan norðuhluti Kýpur er enn einangraður. Margar tilraunir formennsku ESB til að leysa málið báru ekki árangur. Leiddi það á endanum til þess að ráðherraráð ESB ákvað að ekki yrðu hafnar viðræður um tiltekna hluta stækkunarpakkans meðan svona stendur og viðræðum yrði ekki lokið um neinn þátt.

Hvað varðar önnur ríki í röðinni þá hefur Makedónía skipað sér fremst í röðina og er viðurkennt verðandi aðildarríki en samningaviðræður eru ekki hafnar. Auk þess hefur ESB skuldbundið sig gagnvart öðrum ríkjum Balkanskaga að þau hafi möguleika á aðild. Þau eru hins vegar enn ekki nægilega vel á vegi stödd þar sem Bosníu hefur ekki tekist að ná tökum á t.d. réttarkerfi sínu í þeim mæli að rétt sé talið að ganga alla leið á meðan Serbía er enn úti í kuldanum vegna skorts á samstarfi við stríðsglæpadómstól SP. Að lokum er Svartfjallaland nýtt á sjónarsviðinu en viðræður eru þegar hafnar um samstarfssamning við ESB sem er forsenda frekari skrefa.

Að lokum er vert að geta þess að þjóðarleiðtogar ESB samþykktu á fundi sínum í desember strangari mælikvarða á þau ríki sem eru verðandi aðildarríki ESB. Felur það í sér að framkvæmdastjórninni verður ætlað að vera stívari á þeim mælikvörðum sem beitt er á verðandi aðildarríki. Lykilatriði í þessu efni mun til framtíðar vera að horfa til þess hvert svigrúm ESB er til að taka inn ný ríki auk þess sem krafist verður ákveðinna umbóta í ríkjunum fyrr í ferlinu en verið hefur til þessa. Vísa og margir leiðtoganna til þess að óhugsandi sé að stækka sambandið frekar án þess að tekið hafi verið á stofnanalegum þáttum með gerð nýs sáttmála ESB. Er þetta einungis merki um að aðildarríki ESB setja í meira mæli spurningamerki við frekari stækkun ESB og eru í mörgum tilvikum að endurspegla almenningsálitið heima fyrir; í mörgum tilvikum setja borgarar aðildarríkjanna spurningamerki við frekari stækkun ESB.

## **STÆKKUN EES**

Órjúfanlegur hluti af stækkun ESB er stækkun EES svæðisins. Slík stækkun er þó ekki sjálfvirk afleiðing af stækkun ESB heldur þarf samkvæmt EES samningnum að semja sérstaklega um stækkun EES við framkvæmdastjórn ESB og ný aðildarríki (hér Búlgaríu og Rúmeníu). Í tilefni af stækkun ESB hafa staðið yfir samningaviðræður um stækkun EES frá því í júlí. Hægt hefur miðað í viðræðum sem einkum skýrist af því að deildar meiningar eru á milli samningsaðila um sérstök fjárframlög í tilefni af aðild ríkjanna tveggja að ESB. Krafa ESB er að framlög EES EFTA ríkjanna til núverandi þróunarsjóðs EFTA hækki af þessu tilefni og að sama skapi skuli verða samsvarandi hækkun á framlagi Noregs til síns tvíhliða sjóðs. Noregur hefur í þessum viðræðum staðið fast á því að ekki verði um frekari sérstök framlög þeirra að ræða og á því hefur í raun strandað. Ísland hefur lagt fram kröfur vegna markaðsaðgangs í fiski sem snúa að mikilvægum og verðmætum íslenskum afurðum sem enn bera verulega tolla inn á markað ESB.

Ljóst er að ekki verður af samhliða stækkun ESB og EES sem er ólíkt því sem var við síðustu stækkun ESB. Afleiðingar þess eru í grundvallaratriðum þau að Búlgaría og Rúmenía munu ekki njóta réttinda sem aðilar að EES svæðinu frá og með 1. janúar 2007 né heldur EES EFTA ríkin gagnvart þeim; í raun munu ríkin standa utan EES en það sem breytist er að fríverslunarsamningar EFTA við þessi ríki falla niður og að því leyti mun myndast nokkurskonar tómarúm að því er varðar vöruviðskiptin en annars mun Ísland væntanlega um skeið verða eins og hvert annað þriðja ríki í samskiptum við þessi tvö nýju aðildarríki ESB svo lengi sem ekki nást samningar um stækkun EES.

## **SAMNINGAR UM VIÐSKIPTI MEÐ LANDBÚNAÐARAFURÐIR**

Eins og fyrr hefur verið getið um í skýrslum sendiráðsins þá náðu framkvæmdastjórn ESB og Ísland samkomulagi fyrir nokkru um frekari ívilnanir í viðskiptum með óunnar landbúnaðarafurðir sem miðað hafði verið við að kæmi til framkvæmda um áramót. Í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í verðlagsmálum var ákveðið að óska eftir nýjum viðræðum við ESB til að hrinda í framkvæmd ákvörðun ríkisstjórnarinnar og fá þess í stað frekari tilslakanir af hálfu ESB fyrir íslenskan landbúnað. Þeim viðræðum lauk skömmu fyrir jól. Ísland veitti, í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar, frekari tilslakanir til handa ESB að því er varðar innflutning á kjöti og ostum auk kartaflna. Á móti félst ESB í fyrsta sinn á að opna sérstaka kvóta fyrir íslenskt skyr auk þess sem möguleikar verða skoðaðir á auknum kvóta á smjöri sem þegar er flutt nokkuð af á markað ESB en það atriði er hins vegar mjög viðkvæmt fyrir ESB. Málið er nú til meðferðar meðal aðildarríkja ESB. Gert er ráð fyrir að samningurinn komi til framkvæmda 1. mars 2007.

## **UTANRÍKISVIÐSKIPTASTEFNA ESB**

Eins og kunnugt er hafa samningar á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) ekki náðst fram innan svonefndrar Doha viðskiptalotu. Hafa viðræður í raun verið frosnar um langt skeið og ófyrirséð hvort þeim muni í raun ljúka. Fyrir stærstu aðilana í alþjóðaviðskiptum er þetta óásættanlegt og huga þeir því nú að öðrum valkostum. Slíkir valkostir eru ekki margir og beinast augljóslega að nýjum tvíhliða viðskiptasamningum sem á hinn bóginn hafa verið eitur í beinum þeirra sem hafa viljað trúna á alþjóðlega



viðskiptakerfið. EFTA ríkin hafa verið ein af þeim sem hafa viljað trúa á blöndu hvorttveggja og hafa því samhliða Doha-viðræðunum lokið gerð fjölda tvíhliða fríverslunarsamninga.

ESB hefur fylgt Doha í einu og öllu og látið þær viðræður hafa forgang. Undir það síðasta hefur ESB hins vegar gefið til kynna að það geti ekki beðið mikið lengur og muni, jafnvel þótt WTO hafi enn forgang, hefja gerð tvíhliða samninga. Það er einmitt það sem ný stefna ESB fjallar um; áhersla á árangur innan WTO en á sama tíma að þrýsta fram um gerð tvíhliða samninga. Hefur framkvæmdastjórn ESB fylgt þessu eftir með að leggja til umboð til samningaviðræðna við mörg mikilvægustu ríki og efnahagssvæði heims svo sem S-Kóreu, ASEAN og Indlands.

Af þessu má draga þá ályktun að ESB sækir nú á ný inn á braut EFTA og hyggst framundan fylgja þeirri braut að leggja megináherslu á lok viðræðna innan WTO en treystir sér ekki lengur til að frysta tvíhliða leiðir til að efla viðskipti fyrirtækja innan ESB við ríki utan sambandsins.

### **EFNATILSKIPUN ESB**

Efnatilskipunin er eitt stærstu atriða sem formennska ESB kom í gegn að því er varðar innri markaðinn í sinni formennskutíð. Mikil að vöxtum kemur hún í stað tuga annarra tilskipana og reglugerða sem hingað til hafa gilt á þessu sviði. Um er að ræða grundvallarbreytingar að því er varðar notkun efna á fjölmörgum sviðum. Stærsta breytingin er án efa sú að sönnunarbyrði er í raun snúið við að því er varðar notkun efna en það felst í því að lagt er á notendur og innflytjendur efna að sanna að þau séu ekki hættuleg fremur en að yfirvöld þurfi að sanna slíkt svo sem nú er. Lagt er upp með tiltekið ferli við skráningu allra efna innan ákveðinna marka hjá nýrri stofnun ESB, Efnastofnun Evrópu, en eðli efnanna og magn mun ráða því hvaða ferli verði viðhaft. Þessi nýja tilskipun varðar íslenskan iðnað beint því hann þarf að vera viðbúinn því að fara að þeim reglum sem hér um ræðir þar sem um er að ræða grundvallarþátt í vöruviðskiptum á innri markaðnum.

### **EES SAMNINGURINN**

Tuttugasti og sjötti fundur EES ráðsins var haldinn 12. desember í Brussel og sótti Þorsteinn Ingólfsson sendiherra fundinn af Íslands hálfu í fjarveru utanríkisráðherra. Undir liðnum pólitískt samráð var fjallað um málefni Darfúr, Kosóvó og Líbanon. Að því búnu var haldinn hinn hefðbundni EES ráðsfundur þar sem fjallað var um framkvæmd EES samningsins. Bar stækkun EES hæst á fundinum þar sem samningsaðilar tókust á um kröfur sínar og skýrðu frekar sín sjónarmið.

Á tímabilinu tók sameiginlega EES nefndin **86** ákvarðanir sem felldu **182** gerðir inn í EES samninginn. Að venju var mikill meirihluti þessara ákvarðana tæknilegar breytingar á reglum á sviði matvælamála.

Af vettvangi EES bar að öðru leyti hæst að lokið var undirbúningi að upptöku nýrrar matvælalöggjafar ESB í EES samninginn og þátttöku í Matvælastofnun Evrópu. Felur

Þetta í sér þá breytingu að reglurnar munu nú einnig ná yfir framleiðslu landbúnaðarafurða að því er varðar Ísland. Er málið nú til formlegrar meðferðar innan ESB en gert er ráð fyrir að Sameiginlega EES nefndin taki nauðsynlegar ákvarðanir í þessu efni í júní 2007. Gert er ráð fyrir því að reglurnar nái til íslenskra landbúnaðarafurða frá og með byrjun árs 2009 en gert er ráð fyrir tilteknum aðlögunartíma á þessu sviði. Einnig má nefna að undirbúningur nauðsynlegra ákvarðana um þátttöku EFTA ríkjanna í viðskiptakerfi ESB með útblástursheimildir gróðurhúsalofttegunda er á lokastigi en vegna sérstöðu Íslands er gert ráð fyrir að kerfið taki að svo stöddu ekki til Íslands.

## UTANRÍKIS- OG ÖRYGGISMÁL

Á sviði utanríkis- og öryggismála ber áfram hæst verkefni sem ESB hefur tekist á hendur á sviði hættuástandsstjórnunar. Var ítarlega fjallað um þennan þátt í síðustu skýrslu sendiráðsins. Við það má bæta að verkefni ESB í Kongó lauk með farsælum hætti en það tengdist öryggisgæslu í tengslum við forsetakosningar í ríkinu sem á endanum gengu fram með farsælum hætti. Hér má einnig nefna að undirbúningur stendur yfir innan ESB að taka yfir verkefni UNMIK í Kosóvó í tengslum við væntanlegt samkomulag um stöðu héraðsins. Verður um að ræða stærsta borgaralega verkefni ESB á þessu sviði en gert er ráð fyrir að ríkjum utan ESB verði boðin þátttaka í því, þ.m.t. Íslandi en Íslandi hefur þegar verið boðið á upplýsingafundi um verkefnið.

## DÓMS- OG INNANRÍKISMÁL

### *SCHENGENSAMNINGURINN OG TENGD MÁL*

#### 1. Almenn

Starf fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í Brussel felst öðru fremur í að sinna samsettu nefndinni í ráðherraráðinu, sem fjallar um þróun og beitingu Schengen regluverksins, en það er nú óaðskiljanlegur þáttur af starfi Evrópusambandsins á sviði dóms- og innanríkismála. Fimm ára stefnumörkun á þessu sviði, Haag áætlunin, var samþykkt á leiðtogafundi ESB í árslok 2004, en áætluninni er ætlað að styrkja frelsi, öryggi og réttlæti innan ESB. Á sameiginlegri dagskrá Austurríkis og Finnlands fyrir árið 2006 var lögð áhersla á eftirfylgni Haag áætlunarinnar og mat á því hvernig gengur að hrinda markmiðum áætlunarinnar um frelsi, öryggi og réttlæti í framkvæmd nú um miðbik gildistíma áætlunarinnar. Á fundi dóms- og innanríkisráðherra 4.-5. desember 2006 voru samþykktar ráðsniðurstöður um stöðu hennar.

Haagáætlunin þykir hafa skilað margháttuðum árangri til að styrkja öryggi, frelsi og réttlæti, en betur þykir þurfa að gera varðandi samvinnu á sviði sakamála og lögreglu. Það mun vera á stefnuskrá þýsku formennskunnar, sem tekur við 1. janúar 2007, að setja lögreglusamvinnu á oddinn. Tillaga framkvæmdastjórnarinnar um breytingar á tilteknum ákvæðum Schengen samningsins um lögreglusamvinnu, sem til meðferðar var í samsettu nefndinni, var lögð til hliðar á árinu. Áform Þjóðverja munu vera að þróa frekar samstarf

á grundvelli svokallaðs Prumsamnings um lögreglusamvinnu, vinna að fjölgun aðildarríkja samningsins meðal Evrópusambandsríkja og jafnvel að flutningi samstarfsins undir hatt ESB, eins og gert var með Schengen samstarfið á sínum tíma. Ekki er fullljóst að hve miklu leyti íslenskum lögregluþyrifvöldum mun bjóðast að taka þátt í samstarfinu, en hluti þess tengist Schengen samstarfinu með beinum hætti.

## **2. Samsetta nefndin**

Tillögur að gerðum í samræmi við Haagáætlunina eru að miklu leyti þróun á Schengen gerðunum og er því fjallað um þau mál í samsettu nefndinni. Í samsettu nefndinni eiga nú sæti, auk aðildarríkja ESB, Ísland, Noregur og Sviss. Fundir ráðherra dóms- og innanríkismála í samsettu nefndinni voru þrjár á tímabilinu, í júlí, október og desember. Samstarfið í samsettu nefndinni hefur almennt gengið mjög vel, sérstaklega á vettvangi sérfræðinga. Þetta kom m.a. fram á ráðstefnu um Schengen samstarfið sem haldin var á Íslandi 8. september 2006, en í henni tóku m.a. þátt háttsettir embættismenn ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnarinnar og stjórnmalamenn frá Íslandi og Noregi.

## **3. Schengen úttektir**

Eftirlit með framkvæmd Schengen samningsins í aðildarríkjunum er hjá ríkjunum sjálfum á vettvangi samsettu nefndarinnar, Schengen-úttektir. Úttekt var gerð á Norðurlöndunum síðari hluta ársins 2005. Almennt má segja að úttektin hafi gengið mjög vel og þykja ríkin fimm öll framfylgja Schengen reglunum með viðunandi hætti og í fjölda tilvika þykir ástandið til fyrirmyndar. Um Ísland segir að reglunum sé framfylgt með mjög fullnægjandi hætti. Ríkjunum er ætlað að gera samsettu nefndinni í byrjun janúar 2007 grein fyrir úrbótum sem gerðar hafa verið í tilefni af þeim athugasemdum sem úttektarmenn gerðu.

Nú snýst vinnan í nefndinni að mestu um úttektir nýju ríkjanna 10, en stefnt er að opnun landamæra þeirra og stækkun Schengen svæðisins eins fljótt og unnt er. Þegar hafa verið gerðar úttektir á öðrum þáttum en þeim sem tengjast Schengen upplýsingakerfinu í ríkjunum og voru niðurstöður þeirra ærið misjafnar, frá því að allt sé í lagi til þess að gera þurfi verulegar úrbætur og nýjar úttektir fari fram að þeim loknum. Landamærin verða ekki opnuð fyrr en úttektanefndin staðfestir að ríkin uppfylli öll skilyrði Schengen reglna, hvað sem líður pólitískum fyrirheitum um opnun landamærananna á tilteknum dagsetningum.

## **4. Schengen upplýsingakerfið, SIS II, SIS1+ og tenging nýju ríkjanna**

Það mál sem einna hæst hefur borið í samsettu nefndinni á tímabilinu er sem fyrr þróun Schengen upplýsingakerfisins, en önnur kynslóð þess hefur verið í smíðum um nokkra hríð (SIS II). Á tímabilinu náðist samstaða um lagagrundvöll kerfisins, tvær reglugerðir og ein ráðsákvörðun, en vinna samsettu nefndarinnar við þessar gerðir hófst í íslensku formennskunni á síðari hluta ársins 2005. Á hinn bóginn hefur komið bakslag í framgang tæknivinnunar við nýja kerfið og fyrirsjáanlegur dráttur á gangsetningu var orðinn amk. til ársloka 2008, en áætlanir gerðu áður ráð fyrir mars 2007. Til stóð að tengja fulla þátttöku nýju Schengen ríkjanna, 10 ESB ríkjanna auk Sviss, í Schengen samstarfinu við gangsetningu þessa nýja kerfis, þar sem kerfið sem nú er í notkun getur ekki tekið við svo mörgum nýjum landstengingum. Mikill pólitískur þrýstingur er tengdur þessari vinnu,

m.a. lýsti leiðtogafundur Evrópusambandsins því yfir á árinu að staðið yrði við þá fyrirætlan að opna landamæri milli nýju og eldri ESB- ríkjanna sem fyrst.

Á tímabilinu tók þetta mál nýja stefnu þegar Portúgal lagði til að nýju ríkin yrðu tengd við kerfið sem nú er í notkun (SIS1+) með afritum af portúgölsku tengingunni við það. Ráðherrafundur Schengen ákvað í október að kannað yrði hvort þetta væri mögulegt tæknilega og að fengnum jákvæðum niðurstöðum ákvaðu ráðherrarnir á fundi sínum í desember að fara þessa leið. Samþykkt var tímaáætlun fyrir verkefnið (SISone4ALL) og jafnframt frekari frestun á SIS II, eða til ársins 2009. Nú er því gert ráð fyrir að nýju ríkin geti tengst SIS1 í október 2007 í portúgölsku formennskunni, og að landamæri þeirra verði opnuð í árslok 2007, en flugvellir í mars 2008. Opnun er þó háð jákvæðum niðurstöðum Schengen úttektanefndarinnar.

#### **5. Ýmis mál afgreidd í samsettu nefndinni**

Eftirgreind mál eru meðal þeirra mála sem afgreidd voru í samsettu nefndinni á tímabilinu:

#### ***SIS II – önnur kynslóð Schengen upplýsingakerfisins og uppfærslur SIS I+.***

Lagagrundvöllur annarrar kynslóðar Schengen upplýsingakerfisins hefur verið lagður í samkomulagi ráðs og þings í fyrsta lestri, en það eru tvær reglugerðir og ein ráðsákvörðun. Ákvarðanir um uppfærslur Schengen upplýsingakerfisins hafa smám saman verið að koma til framkvæmda og breytingar gerðar á lögum um Schengen upplýsingakerfið á Íslandi til samræmis.

#### ***External Borders Fund***

Samþykkt var gerð um ytri-landamærasjóð “External Borders Fund” sem ætlað er að endurspegla sérstaklega samstöðu ESB ríkjanna og sanngjarna deilingu byrða í útlendingamálum á tímabilinu 2007-2013. Þessum sjóði er ætlað að styrkja samstöðu í stjórn ytri landamæra Schengen svæðisins og greiða þannig fyrir frjálsri för innan þess. Hluti sjóðsins er til ráðstöfunar fyrir framkvæmdastjórnina til sameiginlegra verkefna og hefur verið ákveðið að veita fé til að greiða fyrir tengingu nýju ríkjanna við SIS1 (SISone4ALL) úr sjóðnum. Gera þarf sérstakan samning um útfærslu þátttöku Íslands, Noregs og Sviss í sjóðnum, en gert er ráð fyrir að ríkin greiði til hans og geti sótt um styrki úr honum.

#### ***Local Border Traffic***

Samþykkt var reglugerð um sérstakar reglur um umferð landamæra nýju ríkjanna fyrir íbúa á landamærasvæðum, sem ný ytri landamæri Schengen svæðisins munu skera.

#### ***Breytingar á reglugerðinni um vegabréfaáritanir***

Tekin var upp áritunarskylda inn á Schengen svæðið fyrir borgara Bólivíu, en felld niður áritanarskylda fyrir borgara nokkurra smáríkja með breytingu á reglugerð um áritanir.

#### ***Landamærareglugerðin (Schengen Borders Code)***

Landamærareglugerðin tók gildi 1. október 2006, unnið er að innleiðingu hennar í dómsmálaráðuneytinu.

### ***Ráðsniðurstöður um Schengen málefni***

Sem fyrr samþykktu ráðherrar dóms- og innanríkismála Council conclusions um ýmis efni. Meðal þeirra eru ráðsniðurstöður um styrkingu sjávarlandamæra í suðri, um samræmdar meginreglur um landamæravörslu, um samvinnu sendiskrifstofa Schengen ríkja í þriðju ríkjum, um úttektir nýju ríkjanna og stöðu undirbúnings þátttöku þeirra í Schengen, svo og nýjar áætlanir fyrir SIS II og SISone4ALL.

### **6. Mál til meðferðar í samsettu nefndinni**

Fjöldi mála á ýmsum stigum hefur verið til umræðu í því kerfi undirnefnda ráðsins sem funda undir hatti samsettu nefndarinnar. Meðal þeirra mála sem gerð var grein fyrir í síðustu skýrslu og enn er ólokið eru reglugerð um VIS (Visa Information System), sem er nýtt upplýsingakerfi um vegabréfaáritanir, gerð um aðgang lögreglu að VIS og loks gerð um vernd persónuupplýsinga við meðferð opinberra mála. Þá hefur verið unnið áfram að nýrri gerð um samræmdar reglur við brottvísanir útlendinga. Af nýjum málum sem til meðferðar eru í samsettu nefndinni ber hvað hæst nýja ***Reglugerð um vegabréfaáritanir (Visa Code)*** og nýja ***Reglugerð um bráðasveitir landamæravarða.***

### **7. Landamærastofnun**

Landamærastofnun Evrópusambandsins (FRONTEX), sem Ísland tekur þátt í, tók á tímabilinu virkan þátt í aðstoð við að ná tökum á flóðbylgju ólöglegra útlendinga sem koma vor og sumar að ströndum Schengen ríkja, sérstaklega í Miðjarðarhafi og að Kanaríeyjum. Jafnframt vinnur stofnunin áfram að áhættugreiningu og ýmsum verkefnum, t.d. við sameiginlega framkvæmd brottvísana. Hún hefur náð samráð við vinnunefndir ráðsins um landamæramálefni og miðlar af reynslu sinni, m.a. við mótun gerðar um bráðasveitir landamæravarða, sem starfa munu með stofnuninni í bráðatilvikum.

### **8. Vinna á vegum framkvæmdastjórnarinnar**

#### ***Þróun SIS II og VIS***

Stærstu verkefnið sem Ísland hefur tekið þátt í á tímabilinu undir hatti framkvæmdastjórnarinnar er vinna tæknimanna við áframhaldandi þróun kerfanna SIS II (önnur kynslóð Schengen upplýsingakerfsins og VIS (áritana-upplýsingakerfið), auk útfærslu portúgölsku tillögunnar um SISone4ALL. Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins og Tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins hefur tekið virkan þátt í þessari vinnu.

### **7. Samningar tengdir Schengen samstarfinu**

#### ***Samningar um endurviðtöku og vegabréfaáritanir***

Unnið hefur verið á tímabilinu í samvinnu dómsmálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis að gerð samninga um endurviðtöku við Rúmeníu og Macao og er samningsgerð á lokastigi. Þá hefur verið unnið að samningi við Rússland um áritanamál og endurviðtöku. Fylgst er grannt með viðræðum ESB og Úkraínu um áritanamál og endurviðtöku, sem nú standa yfir, en vegna þátttöku í Schengen samstarfinu er nauðsynlegt að gera sambærilegan samning við Úkraínu af Íslands hálfu.

Boðaðar samningaviðræður ESB vegna þátttöku Íslands í sjóði fyrir ytri landamæri Schengen og nýr samningur um þátttöku í comitology nefndum framkvæmdastjórnarinnar eru ekki hafnar.

## **EES-SAMNINGURINN**

Á vettvangi EES samningsins hafa þessi mál helst verið meðal verkefna fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á tímabilinu.

### **1. Frjáls för launafólks**

Heildartilskipun ESB um frjálsa för, 2004/38/EC (*Directive on the right of citizens of the Union and their family members to move and reside freely within the territory of the Member States*), hefur verið til umfjöllunar í sameiginlegu nefnd EES samningsins að undanfögnu. Mikilvægar breytingar felast í gerðinni á útfærslu réttarins til frjálsrar farar. Viðræður um upptöku gerðarinnar í EES samninginn eru hafnar, en lagatæknilegur ágreiningur er fyrir hendi um með hvaða hætti það verði gert.

### **2. Samstarf á sviði almannavarna**

Þátttaka í almannavarnastarfi Evrópusambandsins hefur verið fólgin í þátttöku í prógrömmum á grundvelli EES samningsins. Yfirstandandi áætlun á þessu sviði og fjármögnun hennar rennur út í árslok 2006 og hefur ný áætlun verið til meðferðar í ráðherraráðinu að undanfögnu. Nýju áætluninni fylgja jafnframt nýjar gerðir þar sem samvinna um viðbrögð við vá er nánar útfærð.

## **FÉLAGS-, ATVINNU- OG SVEITARSTJÓRNARMÁL**

### **FÉLAGSMÁL**

#### ***Ný áætlun á sviði félagsmála, vinnumála og jafnréttismála***

Ákvörðun um áætlun Evrópusambandsins á sviði félags- og vinnumála, Progress, liggur nú fyrir. Hin nýja áætlun mun taka til áronna 2007 til 2013 og gerir ákvörðunin ráð fyrir því að 660 millj. evra verði ráðstafað í áætlunina á tímabilinu, sem er nokkru minni fjárhæð en upphaflega var lagt til.

Áætlunin skiptist í fimm viðfangsefni:

- Vinnumál, en áherslan hér verður á verkefni sem styrkja atvinnumálastefnu ESB
- Stuðningur við verkefni sem stuðla að aukinni félagslegri velferð og aukinni þátttöku jaðarhópa í samfélagi
- Bætt vinnuvernd og aukin hollustu á vinnustöðum
- Aðgerðir gegn mismunun og leiðir til að auka fjölbreytni
- Að endingu er áhersla á stuðning við verkefni sem stuðla að jafnari stöðu kvenna og karla í samfélaginu.

Ísland er í gegnum EES samninginn þátttakandi í flestum þeim áætlunum sem hin nýja áætlun yfirtekur, en nú hafa öll EFTA EES ríkin ákveðið að taka þátt í hinni nýju áætlun.

[http://ec.europa.eu/prelex/detail\\_dossier\\_real.cfm?CL=en&DosId=191546](http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=191546)

### **Ár jafnra tækifæra 2007**

Evrópusambandið hefur ákveðið að helga árið 2007 jöfnun tækifærum í samfélaginu. Markmiðið er að stuðla að umræðu um jafnréttismál í samfélaginu og efla baráttuna gegn félagslegri mismunun. Unnið verður eftir fjórum meginþemum, þ.e. vitund almennings um jafnrétti og aðgengis í samfélaginu, áhersla á mikilvægi þátttöku hópa sem standa höllum fæti í ákvarðanatöku, jákvæð umræða og viðurkenning á fjölbreytileika, og að endingu áhersla á virðingu og umburðarlyndi. Allt að 14 milljónir evra renna til verkefnisins og hafa EES/EFTA ákveðið að gerast þátttakendur.

### **Félagsleg þjónusta í almannabágu**

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sent frá sér orðsendingu þar sem reynt er að afmarka og skilgreina félagsþjónustu sem rekin er og veitt í almannabágu.

Markmiðið er að afmarka félagslega þjónustu frá annarri þjónustu, kalla eftir viðhorfum einstakra ríkja ESB til málsins og um leið skerpa á því hvernig löggjöf Evrópusambandsins á sviði samkeppnismála og innrimarkaðar varðar félagsþjónustu í almannabágu. Orðsendingin felur ekki í sér beinar aðgerðir af hálfu framkvæmdastjórnar, svo sem áform um lagasetningu, en framkvæmdastjórnin áskilur sér rétt til að „*decide how to follow up this process and identify the best approach to take, including, giving consideration to the need and legal possibility for a legislative proposal*“.

[http://ec.europa.eu/employment\\_social/emplweb/news/news\\_en.cfm?id=153](http://ec.europa.eu/employment_social/emplweb/news/news_en.cfm?id=153)

### **JAFNRÉTTISMÁL**

#### **Ný jafnréttistilskipun ESB**

Eins og greint var frá í síðustu skýrslu hefur Evrópusambandið samþykkt tillögu framkvæmdastjórnarinnar frá 21. apríl 2004 um jafna stöðu og rétt kvenna og karla til vinnu og á vinnustöðum og vinnumarkaði. Tillagan hefur gengið undir heitinu „Recast“ sem skírskotar til þess að verið er að sameina nokkrar tilskipanir í eina. Markmið tilskipunarinnar er að einfalda og endurnýja reglur ESB er tryggja jafnan rétt og stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði og þar með fella gildandi tilskipanir Evrópusambandsins um þessi efni saman í eina.

Umræddar tilskipanir hafa allar verið teknar upp í EES samninginn, en þær eru: Tilskipun um launajafnrétti, nr. 75/117/EC; jafnréttistilskipun, nr. 76/207/EC (sem var breytt með tilskipun nr. 2002/73/ESB); tilskipun 86/378/EC um jafna stöðu hvað varðar lífeyrisréttindi (sem var breytt með tilskipun 96/97/ESB); og tilskipun nr. 97/80/ESB um sönnunarbyrði. Unnið er að því hjá EFTA að skoða hvernig standa ber að innleiðingu hinnar nýju tilskipunar.

#### **Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins**

Tillaga um stofnun jafnréttisstofnunar Evrópusambandsins liggur nú fyrir. Hún mun hefja starfsemi fljótlega á næsta ári og alls munu um 52,5 milljónum evra verða varið til

reksturs hennar á tímabilinu 2007 til 2013. Fregnir herma að stofnuinni verði valinn staður í Tallin.

### ***Vegvísir í jafnréttismálum***

Þann fyrsta mars síðastliðinn sendi framkvæmdastjórn ESB frá sér svokallaðan vegvísi í jafnréttismálum (Roadmap to equality between women and men). Með honum eru sett fram 6 áherslusvið sem Evrópusambandið telur rétt að unnið sé sameiginlega í jafnréttismálum á tímabilinu frá 2006 til 2010. Markmiðið er að auka jafnrétti meðal kvenna og karla og jafna fjölskylduábyrgð, en áherslursviðin eru:

- Jafnræði hvað varðar fjárhagslegt sjálfstæði kvenna og karla
- Samþætting einka- og fjölskyldulífs annars vegar og þátttöku á vinnumarkaði hins vegar
- Jöfn þátttaka og aðkoma að ákvarðanatöku
- Afnáam hverskonar kynbundins ofbeldis
- Afnáam hefðbundinna kynjaímynda
- Jafnari þátttaka kvenna og karla í utanríkis- og þróarmálum

Fyrir hvert áherslusvið eru skilgreind forgangsverkefni og aðgerðir. Af stefnumótun þessari má ljóst vera að jafnréttismál hafa verið sett í forgang hjá Evrópusambandinu og vilji er til þess að draga karla enn frekar til ábyrgðar.

[http://europa.eu.int/prelex/detail\\_dossier\\_real.cfm?CL=en&DosId=193963](http://europa.eu.int/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=193963)

### ***Tilskipun um jafnræði kynja í þjónustuviðskiptum***

Enn er til umræðu meðal EES/EFTA ríkjanna tilskipun ESB um jafna stöðu kynjanna þegar kemur að viðskiptum með vöru og þjónustu, sbr. tilskipun nr. 2004/113/EC. Annars vegar felur tilskipunin í sér almenn ákvæði sem banna hverskonar mismunun byggða á kynferði, meðal annars bann við mismunandi kjörum sem rekja má til fjölskylduábyrgðar eða barnsfæðinga. Hvorki bein né óbein mismun er þannig leyfileg varðandi viðskipti með vöru og þjónustu. Hins vegar felur tilskipunin í sér sérstök ákvæði er snúa að viðskiptum með tryggingar og fjármálaþjónustu. Segir að ríkin skuli fyrir 21. desember 2007 tryggja að samningar sem gerðir eru um slík viðskipti og styðjast að einhverju leyti við kynbundnar breytur við útreikning iðgjalda og endurgreiðslna, feli ekki jafnframt í sér kynbundin mismun varðandi álagningu iðgjalda og útreikning bóta á einstaklingsgrundvelli.

## **VINNUMÁL**

### ***Grænbók um vinnulöggjöf***

Framkvæmdastjórn ESB hefur nú sent frá sér grænbók um vinnulöggjöf. Markmiðið með grænbókinni er að hefja umræður með aðildarríkum ESB og öðrum sem málið varðar um ágæti nágildandi löggjafar ESB á þessu sviði og frekari þörf fyrir breytingar á henni, meðal annars með hliðsjón af almennri þróun vinnumarkaðar í Evrópu síðustu árin.



Bent er á að ýmis ný ráðningarform hafi rutt sér til rúms á síðari árum, meðal annars sem afleiðing af tækniþróun og alþjóðavæðingu. Athuganir hafa leitt í ljós að um 25% launþega vinna á grundvelli tímabundinna ráðningarsamninga, eru í hlutastörfum, ráða sig sem verktakar (freelance contracts), eða í gegnum starfsmannaleigur. Jafnframt eykst bilið á milli þeirra sem eru í ótryggri vinnu, tímabundinni eða í atvinnuleit og þeirra sem eru í föstum störfum.

Í grænbókinni endurspeglast áherslan á hið svokallaða „Flexicurity“, sem hefur verið einkunnarorð ESB á sviði félags og vinnumála síðustu misserin. „Flexicurity“ felur í sér markmið um annars vegar aukinn sveigjanleika á evrópskum vinnumarkaði þannig að samkeppnishæfni hans aukist, hins vegar markmið um að tryggja að jafnframt sé félagslegt öryggisnet sé til staðar fyrir einstaklinga sem á þurfa að halda. Oft er í umræðunni vísað til jákvæðrar reynslu Norðurlandþjóða hvað þetta jafnvægi varðar.

Grænbókin beinir 14 spurningum til aðildarríkjanna og aðila vinnumarkaðarins sem allar snúa að þeirri grundvallar spurningu, hvornig hægt sé að auka sveigjanleika á vinnumarkaði um leið og félagslegt öryggi er aukið. Nánari bakgrunnsupplýsingar er að finna í grænbókinni fyrir hverja spurningu fyrir sig. Frestur til að senda inn athugasemdir við grænbók framkvæmdastjórnarinnar og eftir atvikum svara ofangreindum spurningum er til 31. mars 2007.

[http://ec.europa.eu/employment\\_social/emplweb/news/news\\_en.cfm?id=189](http://ec.europa.eu/employment_social/emplweb/news/news_en.cfm?id=189)

#### ***Leiðbeinandi reglur um útsenda starfsmenn***

Framkvæmdastjórn ESB hefur sent frá sér leiðbeiningar fyrir stjórnarsýslu aðildarríkja ESB, fyrirtækja og launþega varðandi reglur sem gilda í þeim tilvikum þegar starfsmaður fyrirtækis er sendur til annars ESB ríkis til að vinna að tímabundnum verkefnum. Slíkar leiðbeiningar um útsenda starfsmenn varða þar með einnig EES ríkin þar sem tilskipun þar að lútandi er hluti af EES samningnum.

Framkvæmdastjórnin hefur í samstarfi við aðildarríkin greind helstu vandamál er tengjast framkvæmd gildandi reglna um útsenda starfsmenn. Þess er nú vænst að hinar leiðbeinandi reglur verði til að eyða óvissu um rétt og skyldur er gilda á þessu sviði.

Vinnumálanefnd Evrópuþingsins hefur hins vegar gagnrýnt túlkun framkvæmdastjórnarinnar á reglunum, telur að sjónarhorn framkvæmdastjórnarinnar sé of þröngt og að mun meira vald liggi hjá einstökum ríkjum að útfæra reglurnar í samræmi við ríkjandi landslög.

Sjá leiðbeinandi reglur framkvæmdastjórnarinnar:

[http://ec.europa.eu/employment\\_social/emplweb/news/news\\_en.cfm?id=149](http://ec.europa.eu/employment_social/emplweb/news/news_en.cfm?id=149)

Sjá umfjöllun um álit vinnumálanefndar Evrópuþingsins og atkvæðagreiðslu í þinginu:

<http://www.euractiv.com/en/social/europe/parliament-fences-looser-posting-rules/article-159257>

# FJÁRMÁL

## HELSTU GERÐIR SEM VORU TIL UMFJÖLLUNAR Á TÍMABILINU

### 1. Öryggisráðstafanir við tollframkvæmd.

Frá ársbyrjun 2003 hefur framkvæmdastjórn ESB unnið samkvæmt áætlun sem nefnist [Tollar 2007](#) (*Customs 2007*) við að móta og koma á breytingum á þessu sviði. Tilgangurinn er að örva viðskipti og vinna gegn svikum ásamt því að tryggja öryggis- og fjárhagshagsmuni bandalagsins og íbúa þess. Einnig er ætlunin að huga að áhrifum nýrra áhersla á sviði heilbrigðis og umhverfis á tollamál. Hluti af áætluninni felst í því að einfalda upplýsingaskipti með því að taka upp rafrænt tollafgreiðslukerfi og þróa pappírslaus samskipti fyrirtækja og tollyfirvalda (*e-Customs*). Tollyfirvöld í EFTA-ríkjunum hafa fylgst með þessari vinnu án þess að taka þátt í henni og hafa því ekki alltaf haft nýjustu upplýsingar. Þar sem breytingar á fyrirkomulagi þessara mála hjá ESB-ríkjunum mun hafa áhrif á vöruflutninga milli þeirra og EFTA-ríkjanna hafa fulltrúar tollyfirvalda í EFTA ríkjunum óskað eftir að þeim verði gert auðveldara að fylgjast með þróunarstarfinu og jafnvel að taka þátt í því. Gert er ráð fyrir að hvert EFTA ríki um sig semji við ESB um breytingar á tollframkvæmd enda eru landfræðilegar aðstæður þeirra mismunandi og er gert ráð fyrir að viðræður við Sviss og Noreg hefjist fljótlega á árinu 2007, en ekki hefur verið ákveðið um viðræður Íslands og ESB.

Í lok júlí 2003 kynnti framkvæmdastjórnin fyrir Evrópuþinginu og ráðherraráðinu ýmsar tillögur varðandi ýmsar öryggisráðstafanir í sambandi við tollgæslu á ytri landamærum ESB. Á þeim grunni var síðan sett reglugerð [nr. 648/2005](#) sem fól í sér eftirtaldar þrjár meginbreytingar á tollasáttmála sambandsins (*Community Customs Code*):

- Að inn- og útflytjendur til ESB-ríkja skuli útvega tollyfirvöldum upplýsingar um vörurnar áður en þær eru fluttar.
- Fyrirtæki sem uppfylla ákveðnar öryggiskröfur geti hlotið viðurkenningu tollyfirvalda og fengið einfaldari og hraðari tollmeðferð.
- Taka upp samræmt áhættumatskerfi vegna tolleftirlits.

Þá hefur framkvæmdastjórnin unnið að [drögum að reglum](#) sem [gert er ráð fyrir](#) að verði samþykktar fyrir lok ársins 2006 og taki til Evrópska efnahagssvæðisins. Drögin gera meðal annars ráð fyrir að fyrirtæki sem uppfylla ákveðnar öryggiskröfur geti frá 1. janúar 2008 hlotið viðurkenningu (*The status of Authorised Economic Operator*) með tilliti til þess að vörur þeirra fái einfaldari tollmeðferð en vörur annarra fyrirtækja og að frá 1. júlí 2009 verði farmflytjendum skylt að tilkynna fyrirfram með rafrænum hætti um farm og innihald hans.

### 2. Alþjóðlegir reikningsskila- og endurskoðunarstaðlar.

Nokkrar af tilskipunum ESB fjalla um ársreikninga, bókhald og endurskoðun, en slík mál falla undir fjármálaráðuneytið. Fjórða félagatilskipunin, 78/660/EBE, fjallar um reikningshald fyrirtækja og sú sjöunda, 83/349/EBE, fjallar um samstæðureikninga. [Í tilskipun](#) 84/253/EBE, er fjallað um kröfur til endurskoðenda og endurskoðun ársreikninga en hún hefur verið felld brott með tilskipun nr. 43/2006/EB.

Í ársbyrjun 2006 voru lög um ársreikninga gefin út að nýju sem lög nr. 3/2006, sbr. lög nr. [135/2005](#), en miklar breytingar höfðu verið gerðar á þeim frá því þau tóku gildi árið 1995. Með breytingum sem gerðar voru á lögnum árið 2005 voru tekin upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 78/660/EBE og nr. 83/349/EBE, og breytinga á þeim nr. 2001/65/EB og 2003/51/EB, og reglugerðar nr. 2002/1606/EB að því er varðar ársreikninga félaga með takmarkaða ábyrgð og samstæðureikningsskil þeirra.

Í [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2004](#) felst að fella inn í EES samninginn reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 fyrir 1. ágúst 2005. Fjármálaráðuneytið hefur gefið út íslenska þýðingu þeirra sbr. reglugerðir [nr. 180/2006](#) og [181/2006](#).

Í maí 2006 samþykkti Evrópuþingið og ráðherraráðið tilskipun [nr. 43/2006/EB](#), svokallaða áttundu félagatilskipun, sem sameiginlega EES-nefndin ákvað að fella inn í samninginn í desember. Áttunda félagatilskipunin fellir brott gerð nr. 84/253/EBE og gerir breytingar á fjórðu og sjöundu félagatilskipun. Hún tekur til allra endurskoðenda og í henni er að finna ítarleg ákvæði um störf og eftirlit með störfum þeirra og endurskoðunarfyrtækja. Þá eru jafnframt gerðar auknar faglegar kröfur til endurskoðenda svo sem hvað varðar menntun, siðareglur og þagnarskyldu. Það er ljóst að tilskipunin mun hafa mikil áhrif á íslenskt regluverk um endurskoðendur en í september 2006 skipaði fjármálaráðherra starfshóp til að gera heildarúttekt á lögum um endurskoðendur og setja fram tillögur að endurbótum á þeim með hliðsjón af áttundu félagatilskipuninni. Tilskipunin gerir ráð fyrir því að framkvæmdastjórnin geti sett nánari reglur með útgáfu alþjóðlegra endurskoðendastaðla. Það má því búast við að slíkir staðlar verði gefnir út á komandi misserum og í framhaldinu teknir upp í íslenskan rétt.

Í júní 2006 var samþykkt tilskipun [2006/46/EB](#) um breytingu á fjórðu félagatilskipun ráðsins nr. 78/660/EBE varðandi ársreikninga tiltekinna tegunda fyrirtækja, 83/349/EBE um samstæðureikninga, 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana og 91/674/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga.

Í desember gaf framkvæmdastjórnin út ákvörðun nr. 2006/891/EBE um reikningsskil félaga utan EES-svæðisins sem eru með verðbréf skráð í kauphöll innan EES-svæðisins. Með tilmælunum er því beint til sammingsríkjanna að þau samþykki, að ákveðnum skilyðum uppfylltum, ársreikninga og árshlutareikninga sem gerðir eru í samræmi reikningsskilareglur þessara ríkja til 1. janúar 2009 enda séu þau að vinna að innleiðingu IFRS staðlanna.

Sameiginlega EES-nefndin hefur tekið eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á EES samningnum sem varða ársreikninga en tafist hefur að leiða þær í lög vegna anna hjá Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðuneytinu.

- Ákvörðun nr. 71/2005 um fella eftirfarandi reglugerðir EB inn í samninginn: 2086/2004, 2236/2004, 2237/2004 og 2238/2004.

- Ákvörðun nr. 87/2005 um að fella inn í samninginn reglugerð EB nr. 211/2005 og var tímastrestur fyrir innleiðingu til 30. júní 2005.
- Ákvörðun nr. 158/2005 um að fella inn í samninginn reglugerð nr. 1073/2005 og var tímastrestur gefinn til 3. desember 2005.
- Ákvörðun nr. 37/2006 um að fella eftirfarandi reglugerðir EB inn í samninginn: 1751/2005, 1864/2005 og 1910/2005. Innleiðingu skyldi lokið fyrir 30. mars 2006.
- Ákvörðun nr. 53/2006 um að fella inn í samninginn reglugerð EB nr. 2106/2005 og var frestur til innleiðingar til 18. maí 2006.
- Ákvörðun nr. 54/2006 um að fella inn í samninginn reglugerð EB nr. 108/2006 og var frestur til innleiðingar til 18. maí 2006.

Fulltrúar fjármálaráðuneytisins hafa fylgst með þeirri vinnu sem átt hefur sér stað innan ESB með það að markmiði að undirbúa breytingar á íslenskri löggjöf. Þeir hafa meðal annars sótt sérfræðingafundi á vegum framkvæmdastjórnarinnar og tekið þátt í norrænu samstarfi á þessu sviði.

### **3. Opinber innkaup.**

Í lok mars 2004 samþykkti Evrópuþingið og ráðið tilskipun [2004/18/EC](#) um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga (útboðstilskipunin) svo og tilskipun [2004/17/EC](#) um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu (veitustilskipunin). Tilskipanirnar voru teknar upp í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006. Við aðlögun tilskipananna að EES-samningnum var gert ráð fyrir því að þær yrðu leiddar í lög aðildarríkjanna fyrir 1. janúar 2007.

Vegna þessa lagði fjármálaráðherra fram frumvarp til [nýrra heildarlaga](#) um opinber innkaup á haustþingi 2006 sem ekki tókst að afgreiða fyrir jólaleyfi þingmanna. Þar er m.a. lagt til að samræma hugtakanotkun, gildissvið og undanþágur frá reglum um opinber innkaup hvort heldur er um að ræða kaup yfir eða undir viðmiðunarfjárhæðum EES-samningsins og sækja þær fjárhæðir að mestu í útboðstilskipunina. Ákvæði um auglýsingar, frestum og hönnunarsamkeppni eru þó aðeins frábrugðin reglum tilskipunarinnar. Ráðgert er að frumvarpið verði afgreitt sem lög frá Alþingi í febrúar eða mars 2007.

### **4. Starfstengdur lífeyrir.**

Tilskipun ESB um stofnanir fyrir starfstengdan lífeyri (Institutions for Occupational Retirement Provision's - IORP's) nr. [2003/41/EC](#) var samþykkt af Ráðherraráðinu og Evrópuþinginu þann 3. júní 2003 og tekin inn í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 88/2006. IORP er hugtak yfir aðila sem hafa heimild til að reka starfsemi sem felst í að taka við iðgjöldum til öflunar lífeyris, ávaxta þau og greiða út lífeyri til réttihafa.

Markmið tilskipunarinnar er að stuðla að hagkvæmum fjárfestingum, tryggri ávöxtun, tryggja réttindi sjóðfélaga og annarra réttihafa, gera stofnunum fyrir starfstengdan lífeyri fært á að bjóða þjónustu yfir landamæri innan ESB, stuðla að faglegri stjórnun, tryggja samkeppni, koma á gagnkvæmri viðurkenningu eftirlitsaðila innan ESB, skapa forsendur

fyrir öflugri innri markaði fyrir lífeyrissparnað og gera stofnunum þannig betur kleift að nýta kosti innri markaðar ESB og Evrunnar.

Tilskipunin gildir um stofnanir fyrir starfstengdan lífeyri. Íslensku lífeyrissjóðirnir myndu því flestir falla undir tilskipunina ef ekki væri sérstökum undanþágum fyrir að fara. Sú mikilvægasta sem lýtur að lífeyrissjóðunum er að sjóðir sem falla undir reglugerð [EEC 1408/71](#) og reglugerð [EEC 574/72](#), eru undanþegnir tilskipuninni sem og svokallaðir gegnumstreymissjóðir (Pay as you go) sem ekki safna sjóðum. Samkvæmt þessu falla þær deildir sjóða sem taka við lögbundum lífeyrisiðgjöldum, ekki undir tilskipunina. Taki viðkomandi lífeyrissjóðir hins vegar jafnframt við iðgjöldum sem ekki eru skyldubundin, skulu þau vistuð í sérstökum deildum og skal eignum sem standa eiga undir þeim réttindum haldið algerlega aðskildum frá eignum sem tilheyra skyldubundnu deildunum.

Íslensk stjórnvöld hafa litið svo á að lögbundið 10% framlag sé skyldubundið, auk skyldubundinna framlaga á grundvelli kjarasamninga og/eða sérlaga. Skyldubundin framlög, umfram 10%, falla utan tilskipunarinnar en framlög þar umfram kunna hinsvegar að falla innan tilskipunarinnar. Viðbótarlífeyrissparnaður fellur ekki undir tilskipunina þar sem hann fellur undir svokallaða þriðju stoð og er byggður á ákvörðun hvers einstaklings.

Fjármálaráðherra mun leggja fram lagafrumvarp til að innleiða tilskipun nr. 2003/41/EC á vorþingi 2007.

##### **5. Opinber aðstoð og styrkir.**

Ein af meginreglunum í stofnsáttmála Evrópusambandsins og reglum Evrópska efnahagssvæðisins er sú að opinberum aðilum er bannað að veita opinbera aðstoð og styrki. Framkvæmdastjórn ESB er þó heimilt í ákveðnum undantekningartilvikum að setja reglur sem heimila slíka aðstoð þegar einsýnt er að slíkt skaðar ekki samkeppni. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur heimild til að setja sambærilegar reglur vegna EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að samningnum um evrópska efnahagssvæðið.

Fjármálaráðuneytið fylgist með breytingum á reglum og annast samskipti íslenskra stjórnvalda við ESA sem fara formlega gegnum sendiráðið og á það jafnframt aðild að tengslaneti sérfræðinga á sviði opinberra aðstoðar og ríkisstyrkja, sem framkvæmdastjórnin hafði frumkvæði að haustið 2006.

Þann 7. júní 2005 lagði framkvæmdastjórn ESB fram [áætlun](#) fyrir árin 2005-2009, sem gengur undir heitinu „Minni og markvissari opinber aðstoð” og fjallar um endurskoðun á reglum um opinbera aðstoð. Tilgangurinn er að reglur um ríkisaðstoð stuðli betur að sjálfbærum vexti, samkeppnishæfni, umhverfisvernd, félagslegri samheldni og samheldni svæða. Ástæðurnar eru breyttar aðstæður og áform samkvæmt Lissabon-áætluninni svokölluðu en þar er litið svo á að samkeppni sé forsenda skilvirkrar efnahagsstarfsemi og efnahagslegs vaxtar í Evrópu. Í áætlun um minni og markvissari ríkisaðstoð er lögð áhersla á að bæta greiningu á ástæðum markaðsbrests auk þess sem fram kemur að talið er að almennt stuðli opinber aðstoð ekki að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta og því eigi fyrst að leita annarra leiða til að bæta skilvirkni markaða. Jafnframt er boðað þar að eingöngu eigi að veita opinbera aðstoð í þeim tilvikum sem slíkt er viðeigandi og að

henni skuli þá hagað þannig að hún virki sem hvati sem bæti fyrirbyggjandi markaðsbrest. Þá er lögð áhersla á að opinber aðstoð megi ekki raska samkeppni það mikið að stríði gegn almennum hagsmunum.

Í áætlun um endurskoðun á reglum um opinbera styrki eru boðaðar ýmsar breytingar, meðal annars:

- Breytingar sem bæta skilyrði fyrir nýsköpun í atvinnulífi í ESB ríkjunum.
- Breytingar sem vinna gegn markaðsbrestum og stuðla að auknum frumkvæðisvilja og meira framboði á áhættufjármagni fyrir ný og ung fyrirtæki sem sinna nýsköpun.
- Breytingar sem hvetja fyrirtæki til að fjölga starfsmönnum og veita þeim starfsþjálfun og til að starfsmenn viðhaldi og auki við menntun sína.
- Að samkvæmt hvítbók um almannþjónustu (*Services of general interest*) muni framkvæmdastjórnin setja reglur um slíka þjónustu og gefa út leiðbeiningar, m.a. hvað varðar skilyrði um að opinber fjármögnun samræmist stofnsáttmála ESB.
- Að endurskoða reglugerð til að undanskilja tilteknar tegundir stuðnings frá tilkynningarskyldu til framkvæmdastjórnarinnar enda leiki ekki vafi á að hann samræmist stofnsáttmálanum (*General block exemption regulation*). Að hækka hámarksfjárhæð smástyrkja (*De minimis aid*) með tilliti til þróunar þjóðfélagsins.
- Að endurskoða leiðbeiningar um byggðastyrki með tilliti til þess að þeir styðji við þrjú meginmarkmið: samleitni innan bandalagsins, samkeppnishæfni svæða ásamt atvinnuástandi og samstarfi svæða.
- Að við endurskoðun á reglum um stuðning við umhverfisvernd verði leitast við að hvetja til nýsköpunar og hreinni framleiðsluáferða í samræmi við áætlun um umhverfistækni (*Environmental Technologies Action*).

Þann [22. mars](#) 2006 breytti ESA reglum um vaxtaviðmiðun við mat á fjárhæð opinberra styrkja. Þann [19. apríl](#) breytti ESA skilgreiningum á stærðarmörkum fyrirtækja í styrkjareglum sínum og reglum um heimildir til að veita skammtímaábyrgðir vegna útflutnings. Báðar þessar breytingar endurspeglar breytingar sem framkvæmdastjórnin gerði á sínum reglum á árinu 2005.

Framkvæmdastjórnin gerði [ýmsar breytingar](#) á styrkjareglum sínum á árinu 2006 og eru þessar helstar:

- Framkvæmdastjórnin breytti reglum um stofnkostnaðarstyrki til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í júní sl. og þann [25. okt.](#) gerði ESA samsvarandi breytingar.
- Framkvæmdastjórnin samþykkti þann 24. okt. sl. að framlengja óbreyttum [rammareglum](#) um styrki til skipasmíða úr árið 2008 og er ætlunin að nýta tímenn í að meta rök fyrir áframhaldandi styrkjum á þessu sviði. ESA framlengdi sínum reglum þann [29. nóv. 2006](#).
- Þann 22. nóv. samþykkti framkvæmdastjórnin nýjar [rammareglur](#) um ríkistyrki til rannsókna, þróunarverkefna og nýsköpunar taki gildi í ársbyrjun 2007. Reglurnar

auka möguleika til að styrkja ýmis verkefni á þessu sviði enda skaði styrkir ekki samkeppni. ESA gaf út nýjar reglur um sama efni [13. des.](#) 2006.

- Þá voru nýjar [rammareglur](#) um smástyrki (*De minimis*) samþykktar 12. des. 2006 í framkvæmdastjórninni og gilda þær frá ársbyrjun 2007 út árið 2013. Reglurnar fela í sér aukið svigrúm opinberra aðila til að veita smástyrki án þess að leita fyrirfram eftir samþykki framkvæmdastjórnarinnar enda sé öruggt að styrkirnir skaði ekki samkeppni. Miðað er við að ESA gefi út nýjar reglur bráðlega.
- Þann 7. júlí samþykkti framkvæmdastjórnin að framlengja gildistíma [reglna um hópundanþágur](#) (*Block exemptions*) út árið 2007 en þær áttu að renna út í árslok 2006. Tíminn verður nýttur til samráðs um endurskoðun reglnanna.
- Að auki hefur framkvæmdastjórnin undirbúið [breytingar](#) á því hvaða vexti skuli miða við í þeim tilvikum sem styrkhafi er krafinn um að endurgreiða ólöglega aðstoð, breytingar á reglum um styrki til umhverfismála og fremlengingu á reglum um hópundanþágur (*Block exemption*) til atvinnusköpunar, lítilla og meðalstórra fyrirtækja og starfsþjálfunar.

Þann 6. apríl sl. gaf ESA út nýjar [reglur um byggðastyrki](#) fyrir tímabilið 2007 til 2013 svipuðum þeim sem framkvæmdastjórnin gaf [út í mánuðinum áður](#). Markmiðið er að örva efnahagsþróun í illa stöddum og fámennum héruðum með fjárfestingum og atvinnusköpun. Samkvæmt reglunum er heimilt að veita styrki til fyrirtækja í byggðum á Íslandi þar sem um 31,6% landsmanna býr.

Í framhaldi af útafu reglna um byggðastyrki tilkynntu íslensk stjórnvöld nýtt byggðakort til ESA fyrir árin 2007 til 2013 sem ESA [samþykkti þann](#) 3. des. Er nýja byggðakortið byggt á skiptingu Íslands í tvö NUTS III svæði, en NUTS ([The Nomenclature of Territorial Units for Statistics](#)) er kerfi sem EUROSTAT, Hagstofu Evrópubandalaganna, hefur þróað til að skipta ESB upp í tölfræðileg landsvæði. Gildir skipting Íslands í tvö svæði frá og með 1. jan. 2008 en árið 2007 verður í gildi tímabundið byggðakort fyrir Ísland byggt á því korti sem rennur út í árslok 2006. Nýja NUTS III skiptingin er byggð á kjördæmamörkum og eru landsbyggðarkjördæmin þrjú styrkhæf en ekki höfuðborgarkjördæmin þrjú. Með breytingunni í ársbyrjun 2008 eykst möguleiki íslenskra stjórnvalda til að veita byggðastyrki samkvæmt reglum EES á stærra landssvæði en verið hefur, m.a. á Suðurnesjum sem eru orðin hluti af Suðurkjördæmi.

## **6. Gagnsæi fjármálatengsla**

Fyrir liggur að innleiða þarf svokallaða gagnsæistilskipun framkvæmdastjórnarinnar ([EB](#)) [nr. 2006/111/EC](#) frá 16. nóvember 2006 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja. Tilskipunin hefur þó ekki enn komið til meðferðar hjá sameiginlegu EES-nefndinni en sá hluti hennar sem varðar bókhald fyrirtækja kemur til kasta fjármálaráðuneytisins en annað fellur undir viðskiptaráðuneytið.

Tilskipunin byggir á upphaflegri gagnsæistilskipun frá 1980 ([EB](#)) [nr. 80/723/EBE](#) með síðari breytingum, en henni verið breytt fjórum sinnum með tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar

[\(EB\) nr. 85/413/EEC](#), [93/84/EEC](#), [2000/52/EB](#) og [2005/81/EEC](#). Breytingarnar nú fela því ekki í sér efnislegar breytingar á grunnreglum heldur uppfærslu til hægðarauka og einföldunar.

Fyrirtækjum, sem tilskipunin tekur til, er skylt að færa aðskilið bókhald á þann hátt að eftirfarandi komi skýrt fram:

1. Kostnaður og tekjur sem tengjast mismunandi starfsemi;
2. Greinargóð lýsing á aðferðum við skiptingu kostnaðar og ráðstöfun tekna til mismunandi starfsemi.

Þau skulu skal sjá til þess að fjárreiður mismunandi starfsemi séu aðgreindar í fjárhagsbókhald þess þannig að öllum kostnaði og tekjum sé rétt skipt og ráðstafað á grundvelli rökstuddra bókhaldsreglna sem beitt er í samfellu.

Gagnsæistilskipunin frá 1980 og síðari breytingar á henni hafa verið innleiddar í landsréttinn með reglugerð fjármálaráðuneytisins [nr. 214/2006 um aðskilið bókhald](#) hjá fyrirtækjum sem veitt eru sérstök réttindi eða einkaréttur, eða falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, skv. 59. gr. laga nr. 2/1993, um evrópska efnahagssvæðið, og stunda einnig aðra starfsemi.

Til stendur að innleiða tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2006/111/EB á sama hátt í innlandan landsrétt með reglugerð með stoð í 32. gr. [samkeppnislaga nr. 44/2005](#) sem viðskiptaráðuneytið hefur umsjón með.

## HEILBRIGÐISMÁL OG ALMANNATRYGGINGAR

Hér er gerð grein fyrir helstu málum sem eru ofarlega á baugi á sviði heilbrigðis- og almannatrygginga í EES samstarfinu. Ekki er farið ítarlega yfir hvert mál heldur drepíð á helstu atriðum þeirra.

### **HEILBRIGÐISMÁL**

#### **Heilbrigðisáætlun ESB**

Heilbrigðisráðherrar ESB hafa náð samkomulagi um heilbrigðisáætlun ESB 2007 til 2013. Því má búast við því að hin formlega ákvörðun um áætlunina muni liggja fyrir fljótlega árið 2007, enda hafi þá Evrópuþingið samþykkt niðurstöðu ráðherranna í annari umræðu um málið.

Samkomulagið felur í sér að 365 milljónir evra muni renna til verkefnisins á því tímabili sem áætlunin nær til. Það er töluvert lægri fjárhæð en upphaflega var lagt til af framkvæmdastjórninni. Meginmarkmið heilbrigðisáætlunar ESB eru:

- Aukið heilbrigðisöryggi almennings
- Stuðla að auknu almannaheilbrigði og lífsgæðum
- Aukin þekking um gildi heilbrigðismála



[http://ec.europa.eu/prelex/detail\\_dossier\\_real.cfm?CL=en&DosId=192715](http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=192715)

### **Samráðsferli hafið um mótun heilbrigðisstefnu ESB**

Framkvæmdastjórn ESB hefur óskað eftir viðbrögðum frá aðildarríkjum ESB um áform sín um að hefja vinnu við mótun sameiginlegrar stefnu á sviði heilbrigðismála. Markmiðið slíkrar stefnumörkunar er að stuðla að jákvæðri framþróun meðal ríkja Evrópusambandsins hvað heilbrigðismál varðar og skapa grundvöll til að bregðast við með samræmdum hætti þegar heilbrigðisvá steðjar að. Ennfremur er markmiðið að skoða leiðir til að auka jafnræði hvað varðar aðgengi að heilbrigðisþjónustu, auk þess að finna leiðir til að bæta heilbrigðisþjónustu almennt. Stefnt er að því að skoða framvindu áætlunarinnar að fimm árum liðnum.

Sem lið í þessum undirbúningi hefur framkvæmdastjórnin sent frá sér skjal sem er umræðugrundvöllur fyrir þessi áform, en þar er ýmsum spurningum beint til aðildarríkja bandalagsins. Frestur til að bregðast við er 17. febrúar 2007, en eftir það má búast við frekari upplýsingum um hver verða næstu skref framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði.

[http://ec.europa.eu/health/ph\\_overview/strategy/health\\_strategy\\_en.htm](http://ec.europa.eu/health/ph_overview/strategy/health_strategy_en.htm)

### **Embættismannanefnd um heilbrigðisþjónustu**

Eins og kynnt var í síðustu skýrslum hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins unnið að því að meta þróun á sviði heilbrigðisþjónustu einkum að því er varðar frelsi sjúklinga til þess að sækja heilbrigðisþjónustu til annarra landa. Um þessi áform er fjallað í stefnumarkandi áætlun ESB frá 2004 (COM 2004-301: *Follow-up to the high level reflection process on patient mobility and healthcare developments in the European Union*). Á vettvangi embættismannanefndar ESB, *High level group on health service and medical care*, eru þessi mál til umræðu og þar hafa verið samþykktar leiðbeindandi reglur um viðskipti milli ríkja með heilbrigðisþjónustu.

Ísland hefur ásamt Noregi áheyrnaraðild að störfum embættismannanefndarinnar og gefur það mikilvægt tækifæri til að fylgjast náið með framvindu umræðu á þessu sviði meðal ríkja Evrópusambandsins, og ekki síst að fylgjast með mótun reglusetningar á þessu sviði. Á síðasta fundi ráðherraráðsins þann 30. nóvember kom fram stuðningur við vinnu embættisnefndarinnar og því má búast við áframhaldandi störfum hennar.

[http://www.eu.int/prelex/detail\\_dossier\\_real.cfm?CL=en&DosId=190510](http://www.eu.int/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=190510)

[http://ec.europa.eu/health/ph\\_overview/co\\_operation/mobility/high\\_level\\_hsmc\\_en.htm](http://ec.europa.eu/health/ph_overview/co_operation/mobility/high_level_hsmc_en.htm)

### **Heilbrigðisþjónusta á innri markaði**

Framkvæmdastjórn ESB hefur sent frá sér orðsendingu þar sem óskað er eftir athugasemdum og ábendingum frá aðildarríkjum ESB er varðar væntanlegar tillögur hennar sem miða að því að skýra reglur er gilda um heilbrigðisþjónustu á innri markaði ESB (Developing Community Framework for Safe, High Quality and Efficient Health Services).

Eins og áður hefur komið fram hefur framkvæmdastjórnin unnið að því að skýra reglur er gilda annars vegar um rétt til þess að heilbrigðisþjónusta sé veitt og sótt hindrunarlaust á milli landamæra og hins vegar að marka rétt einstakra ríkja til að stjórna flæði og

skipulagi heilbrigðisþjónustu. Bent er á að Evrópudómstóllinn hafi gefið skýrt til kynna að stofnsáttmálar ESB um frjálsa för og þjónustustarfsemi eigi einnig við um heilbrigðisþjónustu óháð því hvernig hún er fjármögnuð eða skipulögð í einstökum ríkjum. Á því eru hins vegar ákveðin takmörk. Því er nauðsynlegt að skýra þessar reglur að mati framkvæmdastjórnarinnar, auk þess sem aukið flæði þjónustu á milli landa og samkeppni leiðir til aukins hagvaxtar á innri markaði ESB (var meginmarkmið þjónustutilskipunarinnar svokölluðu sem nú er sett fram án heilbrigðisþjónustu).

Framkvæmdastjórnin telur því að samræmdar aðgerðir á þessu sviði varði tvennskonar meginviðfangsefni:

- að skýra evrópurétt á þessu sviði, bæði gagnvart borgurum ríkja ESB og þeim aðilum sem reka heilbrigðisþjónustu vítt og breytt um Evrópu: „This focuses in particular on cross-border care, but cross-border care has consequences for all health services, whether provided across borders or not“,
- að skilgreina aðgerðir á Evrópuvísu sem geta stutt heilbrigðisþjónustur einstakra ríkja: „This should enable those responsible for health systems (including social security institutions) to have a clear framework of Community law within which to operate and take advantage of cooperation between health systems where helpful in providing safe, high-quality and efficient health services“.

Frestur til að skila athugasemdum við slíkar fyrirætlanir framkvæmdastjórnar ESB er til 31. janúar 2007.

[http://ec.europa.eu/health/ph\\_overview/co\\_operation/mobility/community\\_framework\\_en.htm](http://ec.europa.eu/health/ph_overview/co_operation/mobility/community_framework_en.htm)

#### **Sameiginleg viðmið um heilbrigðisþjónstu**

Á fundi heilbrigðisráðherra ESB dagana 1. til 2. júní síðastliðinn var samþykkt yfirlýsing um sameiginleg viðmið og gildi varðandi heilbrigðisþjónustu ríkja sambandsins. Yfirlýsingin kemur í kjölfar þess að tillaga framkvæmdastjórnar ESB um þjónustutillipun felur ekki lengur í sér ákvæði um heilbrigðisþjónustu. Yfirlýsingunni er ætlað að staðfesta vilja ríkjanna til áframhaldandi samstarfs á sviði heilbrigðismála, tryggja flæði þjónustu milli landa og varðveita gæði hennar og um leið öryggi sjúklinga.

Yfirlýsingin felur þó einnig í sér skilaboð um það að ekki standi til að samræma heilbrigðisþjónustu ríkjanna, sjálfsákvörðunarréttur er virtur og viðurkennt að ríkin hafi byggt upp mismunandi skipulag og þjónustustig.

[http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms\\_Data/docs/pressdata/en/lsa/89848.pdf](http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_Data/docs/pressdata/en/lsa/89848.pdf)

#### **LYFJAMÁL**

##### **Ný lyfjalöggjöf**

Unnið hefur verið að því frá árinu 2000 að endurskoða lyfjareglur ESB. Ný tilskipun var sett árið 2001 sem var ætlað að bæta ferli við markaðssetningu lyfja og auka um leið

samkeppnishæfni evrópska lyfjaiðnaðarins á heimsvísu. Árið 2004 samþykkti Evrópusambandið tvær tilskipanir og eina reglugerð sem var ætlað að ná fram enn frekar framþróun lyfjamála á innri markaði ESB (sjá tilskipanir 2004/27/ESB og 2004/28/ESB). Breytingarnar hafa gengið undir nafninu Lyfjapakkin. Unnið hefur verið að því að meta upptöku tilskipananna í EES samninginn á vettvangi EFTA skrifstofunnar og er sú vinna langt komin.

<http://ec.europa.eu/enterprise/pharmaceuticals/review/index.htm>

#### **Skýrsla um framkvæmd blóðtilskipunar**

Nú liggur fyrir fyrsta skýrsla frá framkvæmdastjórn ESB um framkvæmd blóðtilskipunar frá nr. 98 frá 2002, sbr. einnig tilskipun nr. 33 frá 2004. Tilskipanir þessarar hafa nýlega verið innleiddar á Íslandi með setningu reglugerðar og því má búast við að sambærilegri skýrslugjöf þegar reynsla er komin á framkvæmd hennar.

Samkvæmt blóðtilskipuninni er sú skylda lögð á herðar framkvæmdastjórn ESB að taka saman á þriggja ára fresti reynslu aðildarríkja ESB við framkvæmd hennar og „*reports on the activities that they have carried out in relation to the implementation of its provisions*“. Þessi fyrsta skýrsla gefur yfirlit yfir stöðu mála í þeim fimmtán Evrópuríkjum sem voru aðilar að Evrópusambandinu þegar tilskipunin var lögfest.

[http://ec.europa.eu/health/ph\\_threats/human\\_substance/documents/blood\\_com\\_0313\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/health/ph_threats/human_substance/documents/blood_com_0313_en.pdf)

#### **Samráðsvettvangur á sviði lyfjamála – Pharmaceutical forum**

Í tengslum við rammaáætlun ESB um eflingu evrópskra framleiðslugreina og iðnaðar hefur verið komið á fót samráðsvettvangi lyfjamálaráðherra Evrópusambandsríkja, lyfjaframleiðenda, og hagsmunadila, kallað *Pharmaceutical forum*. Verkefni þessa nýja vettvangs er:

*„Addressing the fragmentation of the European pharmaceutical market, work will focus on R&D issues and regulatory matters at Member state level, such as the crucial issues related to pricing and relative effectiveness”.*

EFTA ríkjunum hefur sameiginlega verið boðið að eiga einn áheyrnarfulltrúa á þessum samráðsvettvangi, og einn til tvo fulltrúa í vinnuhópum sem starfa í tengslum við hann.

[http://ec.europa.eu/enterprise/phabiocom/comp\\_pf\\_en.htm](http://ec.europa.eu/enterprise/phabiocom/comp_pf_en.htm)

#### **Tillaga frá ESB um lækningatæki**

Fyrir liggur tillaga frá framkvæmdastjórn ESB um breytingu á þremur tilskipunum sem í gildi eru varðandi markaðsleyfi fyrir og eftirlit með lækningatækjum. Markmiðið er að auka enn öryggi hvað þessi mál varðar með því að bæta upplýsingar um lækningatæki öryggisgæði þeirra.

Umræddar þrjár tilskipanir, sem hafa verið teknar upp í EES samningin, eru:

90/385/EEC Implantable Medical Devices  
93/42/EEC Medical Device Directive  
98/79/EC Vitro Diagnostic Device Directive

Í fréttatilkynningu segir að framboð gæða lækningatækja hafi mikla þýðingu fyrir heilbrigðismál og opinber útgjöld á því sviði. Um 10 þúsund tegundir lækningatækja falla undir þetta svið og fjölbreytileikinn er gífurlegur. Almennur ætlast til þess að framleiðsla og notkun slíkra tækja sé undir ströngu gæðaeftirliti og miðar tillaga framkvæmdastjórnarinnar nú að því að auka enn á skilyrði í þeim efnum.

Málið er nú til umfjöllunar í Evrópuþinginu og hefur það fengið jákvæða umfjöllun. Því má búast við því innan tíðar að tillagan nái fram að ganga og kemur því til kasta EFTA EES ríkjanna að meta upptöku hennar í EES samninginn.

<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/05/1684&type=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

## **ALMANNATRYGGINGAR**

### ***Endurgerð reglugerðar um almannatryggingar***

Unnið hefur verið að því að meta nýja reglugerð um almannatryggingar og réttindi þar að lútandi við för á milli landa á EES svæðinu (*Coordination of Social Security Systems (Regulation (EC) No 883/2004*). Reglugerðin er viðamikil, en meginilgangur hennar er að endurgera reglugerð nr. 1408/71 um þessi mál, sem hefur tekið ótal breytingum síðan hún var lögfest árið 1971. Með hinni nýju reglugerð er sköpuð betri yfirsýn yfir réttindi og skyldur í þessum efnum.

### ***Rýmkun á reglugerð um almannatryggingar 1408/71/EB til borgara þriðju ríkja***

Enn er til umfjöllunar í undirnefnd III reglugerð 859/2003/EB um rýmkun á reglugerð um almannatryggingar 1408/71/EB til borgara þriðju ríkja. Breytingin fæli í sér að borgarar þriðju ríkja nyttu sömu réttinda til heilbrigðisþjónustu og almannatryggingaverndar og aðrir ríkisborgarar innan ESB-ríkja við flutning á milli aðildarríkja ESB og geti jafnframt flutt uppsöfnuð réttindi sín á milli ríkja. Lagagrúnnur reglugerðarinnar er ákvæði 4. tölul. 63. gr. í IV. kafla stofnsáttmála EB en ákvæðið kom inn með Amsterdamsamningnum og ber yfirskriftina vegabréfsáritun, hæli, innflytjendur og aðrar stefnur tengdar frjálsri för fólks.

Í EES-samningnum er ekki að finna samsvarandi ákvæði. Lögfræðingar EFTA skrifstofunnar hafa komist að þeirri niðurstöðu að gerðin falli ekki undir gildissvið EES-samningsins en EFTA ríkin hafa ekki komist að niðurstöðu um hvort gerðin falli undir gildissvið EES-samningsins.

# IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTAMÁL

## FJÁRMÁLAPJÓNUSTA

Í janúar tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA að stofnunin hyggðist fara yfir innleiðingu á þeim gerðum sem féllu undir *financial services action plan* sem fjallaði um gerðir sem innleiða átti á árunum 1999-2005 og var ætla að bæta innri markað Evrópu. Fer yfirferðin fram með þeim hætti að stofnunin kallar eftir samsvörunartöflum (*table of correspondance*) fyrir þær gerðir sem féllu undir áætlunina. Hefur umsjón þessarar yfirferðar verið í höndum fulltrúa ráðuneytisins í Brussel.

Á fjármagnsmarkaði eru nokkur stór mál í vinnslu. Á sviði váttrygginga er Solvency II sem lýtur að endurskoðun reglna um gjaldþol váttryggingafélaga stærsta verkefnið en gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórnin leggi fram tilskipun 15. júlí 2007.

Á sviði verðbréfavíðskipta er nú unnið að innleiðingu á verðbréfamarkaðstilskipuninni (*MiFID*) sem hefur miklar breytingar í för með sér á sviði verðbréfavíðskipta og eru ýmis atriði tengd þeirri löggjöf enn til umræðu hjá framkvæmdastjórninni. Í nóvember var undirritað samkomulag um *Clearing and Settlement*. Um er að ræða hegðunarreglur sem taka til allra aðila þriggja samtaka, Federation of European Securities Exchanges (FESE), the European Association of Central Counterparty Clearing Houses (EACH) og European Central Securities Depositories Association (ECSDA). Kauphöll Íslands er aðili að FESE og Verðbréfaskráning Íslands er aðili að ECSDA. Samkomulaginu er í fyrstu aðeins ætlað að taka til víðskipta með verðbréf en mun síðar jafnframt taka til annarra gerða fjármálagerna. Þá hefur framkvæmdastjórnin nýlega birt hvítbók um fjárfestingasjóði þar sem fram kemur að framkvæmdastjórnin hyggst leggja til breytingar á verðbréfasjóðatilskipuninni (UCITS) haustið 2007.

Á sviði banka eru m.a. til umfjöllunar tvær tilskipanir er lúta að reglum um eigið fé fjármálafyrirtækja tilskipanir 2006/48/EC og 2006/49/EC og byggjast á svonefndum Basel II staðli. Frumvarp til innleiðingar gerðanna er til umfjöllunar á Alþingi og mun væntanlega ljúka fyrir jólaleyfi.

Á síðari hluta ársins voru þrjár gerðir á sviði fjármálaþjónustu teknar upp í EES-samninginn.

1. Tilskipun 2005/14/EC um ökutækjetryggingar (*insurance against civil liability in respect of the use of motor vehicles*). Á tilskipunin að vera innleidd 11. júní 2007.
2. Tilskipun 2005/60/EC um peningaþvætti (*prevention of the use of the financial system for the purpose of money laundering, including terrorist financing*). Gerðin hefur þegar verið innleidd í íslenska löggjöf með lögum nr. 64/2006.
3. Tilskipun 2006/13/EC sem breytir verðbréfamarkaðstilskipuninni (MiFID) 2004/39/EC (*markets in financial instruments*) Með tilskipuninni er dagsetningu innleiðingar MiFID frestað til 31. janúar 2007.

## **NEYTENDAMÁL**

Ísland hefur skilað inn stöðluðu eyðublaði vegna þátttöku í nýrri áætlun um neytendamál sem tekur til árána 2007-2013. Verkefninu er ætlað að veita styrki til ýmissa verkefna í þágu neytendaverndar.

Á síðari hluta ársins voru teknar upp í EES-samninginn tvær gerðir á sviði neytendamála.

1. Reglugerð 2006/2004, um samvinnu stofnana sem eru ábyrgar fyrir framkvæmd neytendalöggjafar í aðildaríkjunum (*cooperation between national authorities responsible for enforcement of consumer protection law*)
2. Tilskipun 2005/29/EC, um óréttmæta viðskiptahætti (*Unfair Commercial Practices*).

## **SAMKEPPNISMÁL**

Þegar reglugerð 1/2003 um framkvæmd samkeppnisreglan sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans eða samsvarandi ákvæðum bókunar 21 við samninginn var tekin upp í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 134/2004 var að finna í ákvörðuninni endurskoðunarákvæði sem hefur verið til umræðu í vinnuhópi um samkeppnismál. Þá hafa viðræður við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um aðgang EES EFTA ríkjanna að ECN (European Competition Network) átt sér stað og eru þær langt komnar.

## **FÉLAGARÉTTUR**

Á fundi sameiginlegu EES nefndarinnar í október var tekinn upp í EES-samninginn tilskipun 2005/56/EC 10 félagaréttartilskipunin. (*cross-border mergers of limited liability companies*). Með tilskipuninni er félögum auðveldaður samruni milli landa. Þarf að koma til samruni hlutafélaga frá minnst tveimur EES-ríkjum. Einnig er heimilt er að láta ákvæði tilskipunarinnar ná til samvinnufélaga.

## **NÝSKÖPUN**

### **Byggðakort**

Í júlí var ESA send tilkynning um nýtt byggðakort (*regional map*) fyrir árin 2007-2013. Með bréfi dags. 6. desember tilkynni ESA að tekin hefði verið ákvörðun um að samþykkja byggðakort fyrir Ísland skv. núverandi NUTS skilgreiningu fyrir tímabilið 1. janúar 2007 til 31. desember 2007 og skv. nýrri NUTS skilgreiningu fyrir tímabilið 1. janúar 2008 til 31. desember 2013. Byggist ákvörðunin á nýjum leiðbeinandi reglum um byggðastyrki fyrir árin 2007-2013.

### **Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.**

Í ágúst var ESA tilkynnt að fyrirhugað væri að framlengja gildistíma laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Í desember tók ESA ákvörðun í málinu og féllst á framlengingu laganna til fimm ára.

### **CIP (Competitiveness and Innovation Programme)**

Áætlun um samkeppnishæfni og nýsköpun fyrir tímabilið 2007-2013. Áætlunin byggist á samræmdri áætlun fyrir allar aðgerðir Evrópusambandsins á sviði frumkvöðlastarfsemi, smárra og meðalstórra fyrirtækja, samkeppnishæfni iðnaðarins, nýsköpun, þróun í upplýsingatækni, „*intelligent energy*” o.fl.

EES EFTA ríkin hafa tekið ákvörðun um að taka þátt í áætluninni. Fjárhagsáætlun er um 3700 milljón evra þar af er áætlað að í hlut EFTA falli um 84 milljón evra.

### **Your Europe- IDABC**

Með þátttöku EFTA/EES ríkjanna í IDABC áætluninni opnast á möguleika fyrir þátttöku í vefgáttinni "Your Europe" sem veitir borgurum og fyrirtækjum á Evrópska efnahagssvæðinu nákvæmar og praktískar upplýsingar um réttindi og tækifæri í ríkjum ESB og á innri markaðnum. Taki Ísland ákvörðun um þátttöku í verkefninu þá er það á ábyrgð íslenskra stjórnvalda að leggja fram þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru á ensku.

### **ORKUMÁL**

#### **Grænbók um European Strategy for Sustainable, Competitive and Secure Energy.**

Grænbókinni er ætla að kalla fram hugmyndir um hvernig takast eigi á við þau verkefni og vandamál sem framundan eru á sviði orkumála. EES/EFTA ríkin sendu inn sameiginlega umsögn um grænbókina 21. september 2006. Í umsögninni kom fram að EES/EFTA ríkin teldu enn svigrúm til umbóta og hvöttu til réttar innleiðingar gerða varðandi innri markað um orku. Þá bentu ríkin á að svæðanálgun gæti verið leið til að auka frelsi á markaðnum. Norræni orkumarkaðurinn er byggður á slíkri nálgun og gæti verið notaður sem fyrirmynd. Ríkin lýstu stuðningi við þá skoðun framkvæmdastjórnarinnar að svið orkumála sé grundvallarsvið varðandi loftlagsáhrif en þó verði að hafa í huga jafnvægi á milli öryggis, framboðs og öflugs markaðar. Þá óskuðu ríkin eftir betra yfirliti um nýja og gildandi löggjöf auk þess sem áhersla var lögð á aukinn áhuga á orkurannsóknum. Ríkin lýstu enn fremur yfir stuðningi við frekari vinnu tengda endurvinnanlegri orku. Þörf væri á könnun á áhrifum og tengslum milli tilskipana tengdum gróðurhúsabreytingum, öryggi framboðs, orkunýtingu, endurnýtanlegri orku og reglum og viðmiðunarreglum um ríkisstyrki. Slíkt væri nauðsynlegt til að tryggja samræmda innleiðingu EES reglna og meðferð og beitingu ramma og stuðningskerfa.

#### **Grænbók um Maritime Policy - frestur til umsagna 1. júlí 2007.**

Í byrjun júní 2006 kom út grænbók framkvæmdastjórnar ESB í málefnum siglinga og sjávar: *Towards a future Maritime Policy for the Union: A European vision for the oceans and seas*. Markmiðið með grænbókinni er að efna til umræðna um heildarstefnu í málefnum sjávar til framtíðar. Í grænbókinni er fjallað um siglingaiðnað, sjálfbæra nýtingu auðlinda sjávar, samkeppni, vísindi og tækni, ferðamál, hafnarmál, orku, þ.á m endurnýjanlega orku og fiskeldi. Í grænbókinni er þó ekki mikil umfjöllun um orkumál, enda nýlega verið gefin út grænbók um orkumál. Frestur til athugasemda er 30. júní 2007.

#### **Tilskipun um viðskipti með útreymisheimildir gróðurhúsalofttegunda. (Trading scheme for greenhouse gas emission)**

Unnið hefur verið að upptöku tilskipunar 2003/87/EB um viðskipti með útreymisheimildir gróðurhúsalofttegunda í EES-samninginn. Settur var upp starfshópur

EES EFTA ríkjanna til að fjalla um málið og stefnir í að vinnuhópurinn ljúki störfum í desember. Fulltrúi utanríkisráðuneytisins hefur setið í hópnum.

### **ÞJÓNUSTUTILSKIPUN**

Í ársbyrjun 2004 lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram tillögu að tilskipun um þjónustu á innri markaðinum. Tilskipuninni er ætlað að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem standa í vegi frjálsrar þjónustustarfsemi á innri markaðinum. Efni tilskipunarinnar var mjög umdeilt en gildissvið hennar var mjög rúmt og var henni breytt mikið í fyrstu umræðu Evrópuþingsins. Pólitísk sátt náðist um tilskipunina og lauk Evrópuþingið annarri umræðu um tilskipunina 15. nóvember og Ráðið 13. desember. Tilskipunin gekk í gildi 28. desember 2006 og skal hún vera innleidd innan þriggja ára frá þeim degi.

Samþykkt tilskipunarinnar þykir mjög stórt skref en þó eru nokkur álitamál óleyst m.a. að tilskipunin tekur ekki til margra þjónustugreina. Er því gert ráð fyrir að dómstólar muni áfram hafa stóru hlutverki að gegna í túlkun um þjónustutengd álitaefni.

## **LANDBÚNAÐARMÁL**

### **HELSTU GERÐIR SEM ERU TIL UMFJÖLLUNAR**

#### ***Tilskipanir um heilbrigði landbúnaðarafurða***

Sá grunnur sem var lagður með hvítbók ESB um nýja matvælastefnu árið 2003 er enn að koma til framkvæmda við að gera regluverkið samræmdara og gegnsærra og með virkara eftirliti frá bónda til borðs ásamt því að efla vísindalegar leiðbeiningar við ákvarðanatöku stjórnvalda. Árið 2005 voru innleiddar svonefndar “heilbrigðisreglugerðir” (“hygiene” pakkinn) sem fjallað er nánar um á eftir. Meginuppistöðu þessa regluverks er að finna í tilskipun 178/2002 um “almenn ákvæði og reglur í matvælalöggjöfni og um Matvælaöryggisstofnun Evrópu og reglur varðandi öryggi matvæla”. Auk þeirrar tilskipunar er tilskipun 1774/2002 um “heilbrigðisreglur varðandi aukaafurðir frá búfé, sem ekki eru ætlaðar í matvæli” Tilskipun 999/2001 um “reglur til að fyrirbyggja, hafa eftirlit með og útrýma vissum riðusjúkdómum (*BSE/TSE - bovine/transmissible spongiform encephalopatier*)” er enn fremur hluti af öryggisreglum um framleiðslu matvæla. Allar þessar tilskipanir eiga það sammerkt að í þeim eru sameinaðar margar fyrri ákvarðanir, sem leiða til gagnsærra og virkari reglna og eftirlits með matvælakeðjunni frá bónda til borðs. Varðandi innleiðingu þessara reglna í EES samninginn hefur sá áfangi nást að fyrir liggja drög að EES ákvörðun um breytingar á samningnum sem fela í sér á hvern hátt innleiðingin gerist. Þessi tillaga er til samráðsmeðferðar hjá stofnunum ESB (interservice consultation) og ætti, verði feril málsins ekki tafinn þar, að vera orðinn hluti af EES samningnum eigi síðar en seinni hluta árs 2007.

#### ***Nýjar heilbrigðisreglur koma til framkvæmda – Matvælaöryggisstofnunin***

Grunn að hinum nýju reglum er að finna í reglugerð 178/2002 um almenn matvælalög og um Matvælaöryggisstofnun Evrópu. Til frekari útfærslu á þeim meginreglum sem eru



skráðar í reglugerðinni eru reglugerð 852/2004 um hollustu matvæla, sem setur reglur um almennar hollustukröfur sem gerðar eru til framleiðenda, einkum á frumframleiðslusviði, reglugerð 853/2004 sem fjallar í meginatriðum um hvaða afurðir falla undir ákvæðin, m.a. eftir vinnslustigi og samsetningu og reglugerð 854/2004 sem fjallar um þau eftirlitskerfi og áhættumat, sem eru nauðsynleg. Reglugerð 882/2004 tekur einnig til opinbers eftirlits er skal tryggja að framleiðsla fari fram hverju sinni í samræmi við lagaákvæði um fóður og matvæli og heilbrigði dýra og dýravernd.

Þessar reglur (“*hygiene package*”) eru efnislega byggðar á þeim atriðum er varða öryggi og heilbrigði matvæla. Meginhugsunin er að framleiðendur á öllum stigum matvælageirans beri grundvallarábyrgð á öryggi matvæla sem þeir framleiða, sem skal tryggt með áhættugreiningu og eftirliti, sem er í samræmi við nálgun sem ráðlögð er af Codex Alimentarius, [http://www.codexalimentarius.net/web/index\\_en.jsp](http://www.codexalimentarius.net/web/index_en.jsp).

Regluverkið felur í sér eftirfarandi efnisatriði:

Að leggja almennan grundvöll fyrir heilbrigði og hreinleika afurða, sem hverri starfsemi er ætlað að uppfylla. Nálgunina “frá bónda til borðs” en við það tekur löggjöfin einnig til frumframleiðslu á afurðum dýra og jurta auk þess að taka til ábyrgðar framleiðenda matvæla fyrir öryggi þeirra með útfærslu á samræmdum áhættugreiningum eftir HACCP (*Hazard Analyses and Critical Control Point*). Rekjanleika á öllum matvælum og efnunum til framleiðslu matvæla og opinber skylduskráning allra í matvælastarfsemi. Sveigjaleiki reglna er leyfður til að mæta þörfum á afskekktum svæðum, vegna hefðbundinna framleiðsluáferða og við útfærslu á HACCP.

Að settar verði ítarlegar reglur um meðferð dýraafurða á öllum stigum framleiðslu og markaðssetningar. Munu reglurnar einnig ná til afurða þar sem blandað er saman dýraafurðum og afurðum úr plöntum.

Að settar skuli sérstakar reglur um skipulag á opinberu eftirliti með afurðum ætluðum til manneldis en nákvæmari og ítarlegri reglur skulu settar um eftirlit með fersku kjöti, lindýrum, fiskafurðum og mjólkurafurðum. Meginmarkmiðið er að gildandi reglur byggji á vísindalegum könnunum og áhættugreiningu, og að nýjar reglur taki hvorttveggja til fyrir mæla um ábyrgð einstakra fyrirtækja og til almenns eftirlits.

Ákvæði um heilbrigði dýra með tilliti til afurða, afsetningu afurða og innflutnings á dýraafurðum til manneldis. Markmiðið er að hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma er kunna að berast með afurðunum.

#### **Þjálfunar og kynningarnámskeið**

Til að ná hinum fjölmörgu markmiðum sem sett hafa verið um matvælaöryggi hefur framkvæmdastjórnin tekið ákvörðun um skipulega þjálfun til eflingar matvælaöryggis (Better Training for Safer Food), sem nær til framleiðslu og vinnslu afurða dýra – sjávardýra sem landdýra - og plantna. Þessi ákvörðun er tekin á grundvelli 51. gr. reglugerðar 882/2004 um opinbert eftirlit. Þjálfunin verður í formi námskeiða sem framkvæmdastjórnin ákveður. Þau eru ætluð fyrir fólk frá viðurkenndum aðilum til að annast matvælaeftirlit til að það sé meðvitað um nýjustu ákvarðanir sem gilda um

matvælaöryggi ásamt því að tryggja sambærilega framkvæmd í aðildarlöndunum á matvælalögum. Auk þess er ákveðið að gefa “þriðju löndum” aðgang að námskeiðunum eftir því sem kostur er á og einnig að halda sérstök námskeið um matvælalöggjöf ESB í þessum löndum. Þar er einkum horft til þróunarlandanna sem hafa átt erfitt með að uppfylla ákvæði ESB um eftirlit sem stenst reglur ESB. Framkvæmdastjórnin hefur þegar boðið upp á sex námskeið fyrir “þriðju ríki” til að kynna þeim reglur ESB og þar af hafa þrjú námskeiðanna fjallað sérstaklega um fiskafurðir.

Áform framkvæmdanefndarinnar um þjálfun á sviði matvælalaga, laga um fóður, heilbrigði og vernd dýra, og heilbrigði plantna er skýrt í auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar frá september 2006. Á grundvelli þessa hafa verið haldin námskeið á seinni hluta árs 2006 og önnur eru á dagskrá á árinu 2007. Þau atriði sem lögð er áhersla á þessi tvö ár eru:

- Áhersla á fullkomið eftirlit til tryggingar neytendavernd, heilbrigði og velferð dýra og heilbrigði plantna
- Auka samræmi og samhæfni eftirlitskerfa framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkja
- Mynda jafnan starfsvettvang fyrir allan matvælaíðnað ESB
- Efla og auka viðskipti með örugga matvöru
- Tryggja sanngjarnan viðskiptagrundvöll með matvörur milli ESB og “þriðju ríkja” einkum með þróunarríkin í huga

Íslandi er boðin þátttaka í þjálfunaráætlun framkvæmdastjórnarinnar og að tilnefna tengilið við þessa starfsemi. Fulltrúi frá Landbúnaðarstofnun sinnir því verkefni.

#### ***Tilsk. 1774/2002 um aukaafurðir búfjár***

Þessi tilskipun, sem fjallar um nýtingu eða losun (eyðingu) aukaafurða af dýrum, sem ekki fara til manneldis, er í auknum mæli að koma til framkvæmda. Á síðari hluta ársins 2005 voru gerðir um eftirfarandi efni samþykktar í fastanefnd um matvælakeðjuna og heilbrigði dýra (SCFCAH); um áburð og jarðvegsbætandi efni, um matvæli úr dýraríkinu ekki lengur neyslufæf, um notkun húsdýraáburðar og um lífræna gasframleiðslu og safnhauga.

Ákvæði tilskipunar 1774/2002 hafa bein og óbein áhrif á framleiðslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða á Íslandi vegna óbeinna framleiðslutengdra og markaðslegra ákvæða sem skulu gilda við markaðssetningu og sölu afurða innan sambandssvæðisins og innfluttra afurða til svæðisins.

Unnið er að því að taka tilskipunina og reglugerðir og ákvarðanir skv. henni upp í EES samninginn.

#### ***Riðusjúkdómar – Transmissible Spongiform Encephalopathy – (TSE)***

Varnir gegn riðusjúkdómum er einn af meginþáttum í matvælaöryggi ESB, en þær fara eftir tilskipun 999/2001 um riðusjúkdóma. Til TSE heyrja kúariða (BSE), riða í sauðfé og

Krausfelt Jakob sjúkdómur í fólki. Vegna þessarar smithættu bannaði ESB notkun á kjöt- og beinamjöli í fódri nautgripa þegar árið 1994, sem var hert árið 2001 en þá var bönnuð notkun á dýraeggjahvítu í fódur dýra til matvælaframleiðslu, svokallað fódurbann "feedban" þó með þeirri undantekningu að leyft var að nota fiskimjöl í fódur annarra dýrategunda en jórturdýra

Í framhaldi af að nást hafa tök á TSE smiti í ESB-löndunum hefur framkvæmdastjórnin unnið aðgerðaráætlun (road map) um hugsanlegar breytingar á löggjöf um TSE sem tekur til núverandi aðgerða og til aðgerða til skemmri tíma og til framtíðar. Áætlunin er unnin í nánú samráði við aðildarríkin og Evrópuþingið. Hún greinir frá næstu skrefum sem verða tekin í BSE málum þ.á.m. hvaða hluta skepnunnar ber að skoða sem sérstakt áhættuefni (SRM), endurskoðun á banni við notkun eggjahvítuafna úr dýraríkinu fyrir jórturdýr svokallað "feedban" og aldursreglur við ákvörðun um nýtingu á gripum til manneldis. Gert er ráð fyrir því að á næstu árum verði unnt að slaka á þeim hörðu reglum sem hafa verið settar og eru í gildi, þó aðeins á þann hátt að öryggi matvæla verði tryggt neytendum og því aðeins gert að fram hafi farið vísindalegt mat á ákvörðunum m.a. með hliðsjón af þeim tæknilegu aðferðum sem unnt er að nota við greiningu áhættuefnis og með tilliti til hagkvæmni og til hagsbóta fyrir samkeppnishæfni framleiðenda. Áætlun var um að á seinni hluta árs 2006 yrðu teknar ákvarðanir um magnmörk er segi almennt til um hvað hafa megi mikið fiskimjöl í fódri alidýra eftir tegundum. Jafnframt að á árinu 2007 yrði tekin ákvörðun um hvort leyfa eigi takmörkuð magnmörk af kjöt- og beinamjöli í fódri alidýra eftir tegundum og seinni hluta árs 2007 eða fyrri hluta árs 2008 verði tekin ákvörðun um heimildir til að nota kjöt- og beinamjöl (eggjahvítu) frá öðrum dýrum en jórturdýrum í fódur annarra dýra en jórturdýra.

Ákveðið er að breyta reglum ESB um flokkun landa eftir líkum á því að í löndunum finnist BSE smit til samræmis við flokkunarreglur OIE en skv. þeim er löndum raðað í flokka eftir áhættu frá 1-3. Þessi breyting verður gerð um mitt næsta ár (1. júlí 2007). Ísland hefur verið í áhættuflokki 1, laust við BSE smit.

Framkvæmdastjórnin mun halda áfram sérstakri umræðu sem hófst á seinni hluta ársins 2006 um TSE smit í geitum og sauðfé (riðusmit) og hvort gildandi aðferðir um útrýmingu á riðuhjörðum séu of víðtækar og hugsanlega í röngu hlutfalli við áhættu af að um BSE geti verið að ræða. Í dag er unnið að útrýmingu á riðuveiki í sauðfé og í geitfénaði með í huga að tengsl geti verið þar á milli. Reglur ESB gera ráð fyrir að rækta upp sauðfjárstofna með erfðavali sem eru ónæmir fyrir riðusmiti. Þeir erfðavísar sem eru valdir finnast ekki í íslensku sauðfé sem gerir þessa leið ómögulega við íslenskar aðstæður.

#### **FISKIMJÖL OG BANN VIÐ NOTKUN ÞESS Í FÓÐUR JÓRTURDÝRA – FEED BAN -**

Framleiðendur fiskimjöls, þ.á.m. Ísland hafa barist fyrir því að fá viðurkenningu á að greina megi fiskimjöl frá kjöt- og beinamjöli í fódri svo unnt sé að nota það óhindrað í fódri allra dýrategunda. Það er bannað í fódri jórturdýra og settar takmarkanir við notkun þess í fódur annarra dýrategunda. Evrópuþingið hefur verið á móti því að þessum hömlum verði aflétt með rökum sem hafa verið af pólitískum toga annarsvegar á grundvelli þess að óeðlilegt væri að jórturdýr væru fóðruð á fiskafurðum og hinsvegar á þeim grundvelli að ekki vær hægt að greina á milli fiskimjöls og kjöt- og beinamjöls í

fóðurbliðndum og því hætta á misferli væri leyft að nota fiskimjöl. DG-SANCO hefur á þessum grundvelli ákveðið að framkvæma ítarlega rannsókn á greinanleika og rekjanleika dýraeggjahvítu í dýrafóðri, sem er unnin undir umsjón “Community Reference Laboratory for animal proteins in feedingstuffs (CRL-AP study)” með aðstoð “National Reference Laboratory” aðildarlandanna. Hver niðurstaða þessarar könnunar verður, sem kemur væntanlega í ljós árið 2007, mun hafa afgerandi þýðingu fyrir möguleika á því að fóðurbanninu verði aflétt.

### **LÍFRÆN LANDBÚNAÐARFRAMLEIÐSLA**

Í desember 2005 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögur að nýju regluverki um framleiðslu lífræna landbúnaðarafurða og merkingu þeirra. Þessar tillögur hafa verið til umfjöllunar af sérfræðingum á vegum landbúnaðaráðs Evrópusambandsins í formennskutíð Austurríkis og Finnlands auk þess sem umræða um þær hefur farið fram í Evrópuþinginu. Þingið mun hinsvegar ekki gefa endanlegt álit í tillögunum fyrr en í mars 2007. Landbúnaðarráðið náði pólitískri samstöðu um nýtt regluverk fyrir lífræna framleiðslu í desember 2006, sem getur þó ekki tekið gildi fyrr en formleg afstaða þingsins liggur fyrir í mars. Þó svo að þetta regluverk taki gildi eru mörg atriði ófrágengin sem mun verða tekin afstaða til í framhaldi af gildistöku laganna. Í löggiöfinni er að finna heimildir fyrir setningu reglna sem fela í sér undantekingar fyrir einstakar þjóðir og svæðisbundinn sveigjanleika, sem hafa sérstöðu vegna náttúrlegra aðstæðna, sem mun hafa mikla þýðingu fyrir Ísland þegar kemur að því að innleiða reglur ESB um lífræna framleiðslu í íslensk lög.

Við gerð reglnanna hafa verið átök um tillögu framkvæmdastjórnarinnar um að leyfa allt að 0,9% af erfðabreyttum afurðum í lífrænum afurðum, þó svo að meginreglan sé að lífrænar afurðir innihaldi ekki erfðabreyttar afurðir. Fallist var á tillögu framkvæmdastjórnarinnar um þessa undantekningu með því fororði að tillögu Austurríkis að þessi mörk skuli koma til endurskoðunar árið 2011.

Eftir ákvæðum reglanna verður skylt að nota tákn ESB fyrir lífrænar afurðir. Þá skal taka fram við merkingu að þær eigi sinn uppruna í ESB (EU agriculture), utan ESB (non-EU agriculture) eða sambland afurða innan/utan svæðisins EU agriculture/non-Eu agriculture. Komi varan að öllu leyti frá tilteknu aðildarríki má merkja hana einkennismerki lífrænnar framleiðslu fyrir það land.

Unnar landbúnaðarafurðir má merkja sem lífrænar sé innihald þeirra 95 % eða meir. Sé það undir þeim mörkum má sérmerkja fyrir hvern þann efnispátt sem er lífrænn.

Innfluttar vörur frá þriðju ríkjum (utan efnahagssvæðisins) má merkja sem lífrænar séu þær framleiddar eftir reglum ESB varðandi framleiðslu og eftirlit, en gerður verður listi yfir þau lönd sem hljóta viðurkenningu eftirlitsaðila ESB og leyfi til sölu lífrænt merktra afurða til ESB.

### **FUGLAFLENSA (AVIAN FLU)**

Frá því í apríl 2005 hafa fjölmargar ákvarðanir af hálfu ESB verið teknar til varnar því að fuglaflensa bærir til svæðisins. Í fyrstu náðu öryggisráðstafanir sem voru teknar til banns við innflutningi á lifandi fuglum og óhreinsuðu fiðri er kom frá tilteknum svæðum þar sem sjúkdómurinn hafði komið fram. Síðar meir eftir því sem hætta á að sjúkdómurinn gæti orðið að faraldri jókst, hefur þetta bann orðið víðtækara svo og eftirlit. M.a. við að gert hefur verið að skyldu að tilkynna einkenni er kynnu að gefa tilefni til að leita eftir sýkingu í einstökum fuglahjörðum hjá bændum auk þess sem skylt hefur verið að leita eftir smiti hjá farfuglum. Ísland hefur kynnt á fundum framkvæmdastjórnarinnar þær öryggisráðstafanir, sem íslensk stjórnvöld hafa gripið til, sem hafa reynst fullkomlega jafngildar aðgerðum ESB. Um staðbundin vandamál hefur verið að ræða innan ESB vegna smits alifugla sem hefur borist með farfuglum, sem þó hefur ekki orðið að faraldri vegna strangrar vöktunar skv. reglum ESB. Varúðarreglur ESB eru settar tímabundið en hefur verið framlengt reglulega fram eftir árinu.

### **SJÚKDÓMASMIT FRÁ MATVÆLUM**

Í tengslum við áður nefndar lagabreytingar um meðferð og heilbrigði matvæla hefur framkvæmdastjórnin í auknum mæli gefið gaum sjúkdómasmiti frá matvælum. Þar ber hæst hættu af mengun af salmónellu. Í reglugerð 2160/2003/EC eru sett markmið um “*control of salmonella and other specified food-borne zoonotic agents*” sem var breytt með reglugerð 1003/2005 frá 30. júní 2005 varðandi markmið sett um eftirlit með og lækun tíðni salmonellumengunar í varphænsnum. Athuganir gerðar á grundvelli þessara reglna (*base line study*) sýna að nálægt þriðjungur (31,7%) af varphænum innan ESB er sýktur af salmonella sem er hættuleg mönnum. Á grundvelli þessarar niðurstöðu hefur framkvæmdastjórnin gert áætlun um að mengun á varphænsnabúum árið 2010 verði komin niður fyrir 2% og að banna alla sölu á ferskum eggjum frá búum sem smit finnst á frá sama tíma. Framkvæmdastjórnin hefur lagt til að þetta bann taki fyrir gildi, en samkomulag um það hefur ekki náðst. Þá vinnur framkvæmdastjórnin að því að fá samþykktar tillögur um athuganir á tíðni salmonella mengunar á svínabúum og kalkúnabúum. Ekki liggur fyrir ákvörðun um að rannsókn á salmonella mengun hjá kjúklingaframleiðendum, en er til umræðu. Þá er hafin umræða í vinnuhópi á vegum framkvæmdastjórnarinnar um hættu af kamflobakter í matvælum í aðildarlöndunum.

### **ENDURSKOÐUN Á VIÐAUKA I VIÐ EES SAMNINGINN**

Þau málefni um matvæli og breytingar á þeim, sem hafa verið raktar, eru mikilvægur hluti af EES samningnum og þarf að fella inn í samninginn. Framkvæmdastjórnin hefur sett sem skilyrði fyrir aðild EES EFTA ríkjanna að Matvælastofnuninni og yfirtöku matvælalöggjafarinnar, að sérstök staða Íslands með undanþágum frá heilbrigðisreglum verði endurskoðuð og fært fram þau rök að ekki verði hægt að greina á milli landbúnaðarafurða og sjávarafurða á sama hátt og var við eldri löggjöf. Á grundvelli þessara forsendna heimilaði ríkisstjórnin að ganga til samninga við ESB um nauðsynlegar breytingar með sem grundvallarforsendu að ekki yrði vikið frá banni við innflutningi lifandi dýra í því skyni að tryggja áframhaldandi sterka stöðu Íslands að því er varðar

búfjársjúkdóma. Þá er enn fremur lögð áhersla á undanþágu frá "fóðurbanni"(fóðrun jórturdýra með fiskimjöl), ekki þurfi að fjarlægja áhættuvefi vegna hættu af kúariðu, heimilt verði að banna innflutning á kjöt-og beinamjöli og viðhafa megi strangari reglur vegna hættu á salmonella mengun en gilda á innri markaði ESB auk þess sem Ísland fær tiltekinn tíma til aðlögunar.

Yfirtaka matvælaöggjafarinnar og annarra löggjafar sem verður innleidd mun auðvelda viðskipti með landbúnaðarafurðir (nær ekki til lifandi dýra) milli Íslands og ESB. Ísland verður tæknilega séð hluti af innri markaði ESB og lýtur ekki skyldum um skráningar, skoðanir og eftirlit við útflutning til ESB sem "þriðju ríkjum" er skylt. Aftur á móti munu reglur ESB um aðgang "þriðju ríkjum" að markaði á Íslandi gilda, sem leiðir af sér aukna þörf á eftirliti með innflutning landbúnaðarafurða frá "þriðju ríkjum" sem áður var unnt að stöðva einhliða í öryggisskyni að mati Íslands. Auk þess mun verða nauðsynlegt að auka skráningu framleiðslu- vinnslu og dreifingareininga vegna rekjanleika og eftirlits á grundvelli hinnar nýju löggjafar. Mestrar aukningar að umfangi er að vænta vegna innleiðingar reglna um meðferð aukaafurða dýra, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, skv. tilsk. 1774/2002.

Kominn er grundvöllur að samkomulagi sem hefur fengið afgreiðslu í Sameiginlegu EES nefndinni en þarf að hljóta samþykki stofnana ESB áður en kemur að staðfestingu með lögum.

#### **Heilbrigði dýra – ADNS**

Tilkynningakerfi ESB um dýrasjúkdóma er grundvallað á tilskipun ráðsins 82/894/EEC. Í henni eru ákvæði um að löndin skulu tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar og hvers annars ef upp koma tilteknir sjúkdómar. Þessi þáttur í heilbrigðiskerfi landbúnaðarinnar innan ESB hefur haft vaxandi þýðingu með hverju ári. Þar á í hlut annarsvegar stækkun sambandsins með þátttöku landa með mun lakara heilbrigðisástand dýra en var innan sambandsins fyrir stækkunina og einnig vaxandi aðgerðir almennt við að lönd loka fyrir innflutning frá svæðum eða löndum þar sem búfjársjúkdómar koma upp sem geta valdið faraldri og/eða meiriháttar fjárhagstjóni fyrir landbúnaðinn. Einnig hefur ótti við sjúkdóma, sem kunna að berast frá dýrum í fólk farið vaxandi ekki síst vegna þeirrar reynslu og umræðu sem verið hefur á heimsgrundvelli um hættu af fuglaflensu fyrir fólk. Til að halda mörkuðum viðkomandi lands opnum fyrir búvörur, komi upp hættulegur dýrasjúkdómur er það gert með að einangra þau svæði þar sem sjúkdómurinn kemur fram og hefja aðgerðir til útrýmingar með niðurskurði eða öðrum jafngildum aðferðum. Hluti þessa varnakerfis felst í öflugri tilkynningaskyldu innan sambandsins á dýraheilbrigði (*World Organisation for Animal Health – OIE*). (Dec. 2000/807/EC) Hvert land setur upp tilgreind varnarsvæði, sem það tilkynnir til framkvæmdastjórnarinnar. Það fær þau viðurkennd, hefur eftirlit með tilteknum sjúkdómum innan þeirra og tilkynnir strax ef þessir sjúkdómar koma upp og hvar. Í byrjun árs 2005 bauð framkvæmdastjórnin Íslandi að gerast aðili að þessu kerfi, sem kallast *ANIMAL DISEASE NOTIFICATIONS SYSTEM* (ADNS). Ísland hefur samþykkt að taka þátt í þessu kerfi á formlegan hátt, sem verður strax og nauðsynlegar lagabreytingar hafa farið fram. Landbúnaðarstofnun mun annast tilkynningar á sjúkdómum ef upp koma og tekur á móti sjúkdómstilkynningum frá ESB ríkjum.

### ***Tvíhliða samningur um landbúnaðarafurðir – Endurskoðun***

Vinna við framkvæmd 19. gr. EES samningsins um endurskoðun viðskiptaívilnana með óunnar landbúnaðarafurðir er komin á lokastig. Fyrir liggja drög að samkomulagi um auknar viðskiptaívilnanir milli aðila á grunni þessa. Samkv. ákvæðum EES samningsins er gert ráð fyrir að endurskoðun viðskiptaívilnana með óunnar landbúnaðarafurðir gerist reglulega, sem verður undirstrikað í þessu samkomulagi.

### ***Hin almenna landbúnaðarstefna ESB***

Í október 2006 var lagt fram af hálfu framkvæmdastjórnarinnar vinnuskjal um einföldun á hinni almennu landbúnaðarstefnu ESB. Markmiðið er að sameina í heildarlöggjöf 21 gerð sem eru um framkvæmd markaðsmála ESB í landbúnaði. Tilgangurinn er að samræma mismunandi reglur um framkvæmd markaðsmála hvernar framleiðslugreinar fyrir sig undir eina reglu á tæknilegan hátt án þess að það snerti framleiðslu- eða markaðslegan tilgang reglnanna. Þessi viðleitni framkvæmdastjórnarinnar hefst með endurskoðun CAP árið 2003 þegar horfið var frá sértækum reglum um styrki til landbúnaðarins og teknar upp eingreiðslur til framleiðenda (Single Farm Payment). Mörg aðildarríkjanna efa að þessi breyting verði gerð án þess að um leið fari fram pólitísk endurskoðun á landbúnaðarstefnu ESB samhliða hvað varðar einstakar greinar.

Hin helstu atriði sem verða til athugunar við endurskoðunina eru:

- Markmið og skilgreiningar
- Aðstæður í innanlandsmarkaði varðandi markaðsinngrip, privat birgðahald, kvóta og styrki
- Aðstæður gagnvart þriðju ríkjum svo sem leyfisveitingar, öryggiseftirlit, úrvinnsla erlendis og innan ESB
- Samkeppni og reglur um styrkveitingar
- Almenn ákvæði svo sem um skýrslugjöf og skráningar
- Aðlögunartími og framkvæmd

Gangi tillagan eftir mun hún leiða til verulegrar fækkunar á reglum sem búvöruframleiðendur og þeir sem stunda viðskipti með landbúnaðarafurði innan ESB þurfa að fara eftir og leið til þess að allt eftirlit verður einfaldara. Framkvæmdastjórnin leggur áherslu á að skilin milli tæknilegra og pólitískra breytinga verði haldin og aðeins tæknileg endurskoðun fari fram. Hin pólitíska endurskoðun á að hefjast árið 2008 og því áriðandi að þessum atriðum verði ekki blandað saman til að einföldunin náist fram sem fyrst.

Vinnuskjal framkvæmdastjórnarinnar felur í sér 20 atriði sem starfað skal eftir. Þýskaland, sem fer með formennsku í ESB fyrri hluta árs 2007, hefur endurskoðunina sem aðalmál á dagskrá formennskutímans.

# MENNTA-, MENNINGAR- OG ÆSKULÝÐSMÁL

## **ÁÆTLANIR EVRÓPUSAMBANDSINS Á SVIÐI MENNTAMÁLA, MYNDMIÐLUNAR, MENNINGARMÁLA OG ÆSKULÝÐSMÁLA.**

Í skýrslu sendiráðsins fyrir fyrri hluta árs 2006 var greint frá nýjum áætlunum á sviði menntamála, myndmiðlunar, menningarmála og æskulýðsmála. Staða þessara áætlana í árslok er að menntamálaáætlunin, Lifelong Learning Programme, var samþykkt í nóvember og hefur verið birt í Official Journal. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins og Rannsóknahjónusta Háskóla Íslands sjá um framkvæmd áætlunarinnar á Íslandi. Sjónvarps- og kvikmyndaáætlunin, MEDIA 2007, hefur einnig verið samþykkt og birt í Official Journal og sér Media-upplýsingahjónustan um framkvæmd hennar á Íslandi, þ.e. upplýsingagjöf og aðstoð við umsækjendur um styrki. Nýja æskulýðsáætlunin, Youth in Action, tekur gildi í ársbyrjun 2007 og mun Ungmennafélag Íslands sjá um framkvæmd hennar skv. nýjum samningi við menntamálaráðuneyti. Nýja menningaráætlunin, Culture 2007, svipar í höfuðdráttum til eldri áætlunar og hún var birt skömmu fyrir áramót. Undir áætlunina heyra upplýsingaskrifstofur, Cultural Contact Points, sem sjá um upplýsingagjöf og aðstoð við umsækjendur og eru þær reknar í samvinnu við stjórnvöld í þátttökulöndum áætlunarinnar.

## **SJÓNVARP ÁN LANDAMÆRA**

Tilskipun ESB um sjónvarpsmál, Sjónvarp án landamæra, er að grunni til síðan 1989 og var síðast breytt árið 1997. Margt hefur breyst í fjölmiðlaheiminum síðan þá og því lagði framkvæmdastjórnin fram breytingartillögur í desember 2005. Þær hafa verið til umfjöllunar hjá mörgum nefndum á vegum ESB, hjá ráðherraráðinu og í Evrópuþinginu. Mjög skiptar skoðanir eru á efni tilskipunarinnar og varða þær auglýsingar, kostun á sjónvarpsefni, takmörkun á einkarétti á tilteknu sjónvarpsefni o.fl. Á Evrópuþinginu hefur verið tekist á um grundvallaratriði er varða heimildir stjórnvalda til að skipta sér af markaðsmálum, efni fjölmiðla, barnavernd og takmarkanir og/eða ívilnanir vegna menningarpólítískra sjónarmiða. Þá hafa fjölmargir hagsmunaaðilar í Evrópu sent frá sér yfirlýsingar um efni frumvarpsins, einkum er snýr að ákvæðum um upprunaland. Samkvæmt núgildandi tilskipun gilda lög í því landi sem efni er sent út frá um starfsemi viðkomandi fjölmiðils en í frumvarpinu er stefnt að því að þrengja þau ákvæði og veita stjórnvöldum í móttökulöndunum heimildir til að setja reglur er varða efni sem tekið er á móti. Þetta snýr einkum að efni sem talið er að geti haft skaðleg áhrif á börn o.s.frv. Ekki er séð fyrir endann á þessu máli og talið að það verði ekki komið í höfn fyrr en um mitt ár 2007.

## **TILMÆLI OG STEFNUMÓTUN EVRÓPUSAMBANDSINS Á SVIÐI MENNTA- OG MENNINGARMÁLA.**

Framkvæmdastjórn ESB hefur sent frá sér nokkur tilmæli og tilkynningar er varða samstarf og samræmingu á sviði mennta- og menningarmála auk þess að boða stefnumótun á þeim sviðum. Hér er greint frá nokkrum þeirra.

### ***Evrópskur rammi um hæfnismat***

Framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt tilmæli um að aðildarríkin og önnur ríki í Evrópu, eftir atvikum, vinni að sameiginlegum ramma eða viðmiðum um hæfnismat. Það er á valdi hvers ríkis fyrir sig að ákveða þátttöku en gert er ráð fyrir að flest ríki sjái sér í



hag í verkefnum. Það felst einkum í því að nám af öllu tagi er metið á skala sem skiptist í átta stig. Í stað þess að byggja á hefðbundinni aðferð við mat á námi, þ.e. námslengd, námsstofnun o.þh. (learning inputs) er hér gert ráð fyrir nýrri nálgun sem byggist á “learning outcomes”, þ.e. hvað viðkomandi kann og getur að námi loknu.

### **Skilvirkni og jöfnuður til náms**

Í byrjun september sendi framkvæmdastjórn ESB frá sér tilkynninguna *Efficiency and equity in European education and training systems* og með henni fylgir skýrsla um fræðilegan og tölulegan bakgrunn þeirra stefnumótandi skilaboða sem finna má í henni. Í skýrslunni er m.a. að finna samanburð á frammistöðu Evrópuríkja, þ.á.m. Íslands, á ýmsum sviðum menntamála. Athygli hefur vakið að í tilkynningunni er lagst gegn því að sérhæfing eða aðgreining nemenda hefjist mjög snemma og hafa t.d. Þjóðverjar tekið það óstínt upp og talið það beinlínis beint gegn þeirra kerfi. Þá er fullyrt að með auknum framlögum til mennta minnki sá kostnaður sem samfélagið hefur af félagslegri óvirkni, glæpum, atvinnuleysi o.fl. og eru dregin upp dæmi frá Bandaríkjunum og Bretlandi því til sönnunar.

### **European Quality Charter for Mobility**

Undir merkjum Menntunar og starfsþjálfunar 2010 (Education and Culture 2010) hefur ESB gefið út tilmæli um gæðaskrá fyrir nám erlendis. Þar er m.a. kveðið á um hvernig undirbúningi skuli best háttað, móttöku og aðbúnað í gestalandi o.fl. Aðildarríkjum ESB og EFTA/EES er í sjálfsveld sett hvort þau staðfesti vilja sinn til að fara eftir þessum tilmælum.

### **Grundvallarfærni og þekking**

Stofnanir ESB, þ.e. framkvæmdastjórn, ráð og þing hafa komið sér saman um skilgreiningu á hvaða felist í grundvallarfærni og –þekkingu borgaranna (key competence for citizens). Um er að ræða útfærslu á einum af Lissabon-markmiðunum undir merkjum Menntunar og starfsþjálfunar 2010 og símenntunar. Markmiðið er að búa til viðmið fyrir ESB-ríkin um þá þætti, sem talið er nauðsynlegt að fólk hafi á valdi sínu í nútímasamfélagi. Grundvallaratriðin eru átta og snúa að m.a. tungumálakunnáttu, stærðfræði- og tækniþekkingu, félagsþroska, frumkvæði og menningarmálum. Aðildarríkin geta lagað námskrár mismunandi skólastiga að þessum viðmiðum og séð til að almenningur geti aflað sér þekkingar á þessum sviðum alla ævi.

### **Mótun menningarstefnu Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórn ESB telur nauðsynlegt að skýra betur áherslur og markmið í starfi þess á sviði menningarmála. Einnig er lítið til hvernig menningarmál tengjast þeirri þverstæðu sem virðist liggja í þeirri stefnu að efla menningarlega fjölbreytni annars vegar og evrópska samkennd (identity) hins vegar. Spurt er hvernig áhersla á menningarmál geti hraðað þeirri þróun sem stefnt er að í Lissabon-markmiðunum og „Hvað geta menningarmál gert fyrir Evrópu“, sem er viðsnúningur frá þeirri hefðbundnu spurningu „Hvað getur ESB gert fyrir menningarmálin“. Hafið er opið samráð við almenning og stofnanir og geta allir tekið þátt í því. Stefnt er að pólitískri yfirlýsingu um menningarmál vorið 2007 og er samráðið hluti af undirbúningi fyrir hana.

### ***Ný rammaáætlun um fjöltyngi***

Evrópusambandið hefur skipað nefnd sérfræðinga til að gera tillögur um leiðir til að tryggja fjölbreytni í tungumálum í Evrópu. Í nefndinni sitja ellefu fulltrúar ýmissa háskóla og stofnana í Evrópu og á hún að leggja fram fyrstu tillögur sínar fyrir evrópska tungumáladaginn, 27. september 2007. Tillögurnar eiga m.a. að taka til aðgerða sem efla rannsóknir og þróunarvinnu í tengslum við fjöltyngi. Málaflokkurinn fluttist frá framkvæmdastjóra mennta- og menningarmála til nýs fulltrúa Ungverja í framkvæmdastjórninni á haustdögum.

### ***Fjölmíðlalæsi***

Opið samráð við almenning og stofnanir um fjölmíðlalæsi (media literacy) var auglýst af hálfu framkvæmdastjórnar ESB í byrjun nóvember. Tilgangurinn er að finna bestu leiðir til að fræða fólk um eðli og starfsemi fjölmíðla, hvernig það geti metið innihald og aðferðir þeirra auk þess að hvetja til gagnrýnnar og meðvitaðrar afstöðu til þeirra. Litið er svo á að fjölmíðlar gegni svo stóru hlutverki í lýðræðissamfélögum okkar tíma að nauðsynlegt sé að notendur þeirra séu t.d. vel upplýstir um hvernig hægt er að misnota þá. ESB stefnir að því að senda frá sér stefnumótandi yfirlýsingu á næsta ári um fjölmíðla og fjölmíðlalæsi og er samráðið hluti af undirbúningi hennar.

## **RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN**

### ***6. RAMMAÁÆTLUN ESB***

Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjórn ESB hafði framkvæmdastjórnin, í júlí 2006, gert 92 samninga um 74 verkefni um rannsóknasamvinnu og þjálfun við íslensk fyrirtæki, háskóla, rannsóknastofnanir og aðra aðila. Þessir 92 samningar voru gerðir við 35 aðila, 15 fyrirtæki, 5 háskóla, 7 rannsóknastofnanir og 8 aðra aðila s.s. samtök eða stjórnarsýslustofnanir. 13 af þessum samningum voru á sviði umhverfisrannsókna, 13 á sviði orkurannsókna, 10 á sviði matvælarannsókna, 7 á sviði líf- og læknisfræði, 7 á sviði nýsköpunar og 6 á upplýsingatæknisviði. Aðrir samningar dreifast á önnur rannsókn- og stjórnarsýslusvið. 16 þessara samninga voru gerðir við einn háskóla en eitt fyrirtæki gerði á þessu tímabili 6 samninga við ESB. Tvær rannsóknastofnanir höfðu gert 5 samninga við ESB í júlí 2006.

Það verður ekki ljóst fyrr en líður á árið 2007 hversu marga styrki og hversu mikið fé íslenskir rannsóknaaðilar fá í sinn hlut úr 6. rammaáætlun ESB. Margt bendir þó til þess að styrkir sem renna til Íslands úr 6. rammaáætlun ESB verði á þriðja milljarð íslenskra króna. Stærstur hluti þessarar upphæðar eru styrkir á sviði líf- og læknisfræði en einnig koma háir styrkir til íslenskra aðila á öðrum sviðum, s.s. á sviði orkurannsókna og umhverfisrannsókna.

### ***7. RAMMAÁÆTLUN ESB***

Í lok nóvember afgreiddi Evrópuþingið tillögu framkvæmdastjórnarinnar um 7. rammaáætlun Evrópusambandsins. Fyrir afgreiðslu þingins höfðu þrjár helstu valdastofnanir Evrópusambandsins, þ.e. framkvæmdastjórnin, þingið og ráðherraráðið, náð samkomu-

lagi um helstu ágreiningsefni sín varðandi áætlunina. Þann 19. desember var tillagan endanlega afgreidd í ráðherraráðinu. Áætlunin tekur því gildi í ársbyrjun 2007 eins og áætlanir gerður ráð fyrir en fyrstu köll eftir styrkumsóknum voru auglýst fyrir júl 2006.

Ísland hefur þegar tilnefnt fulltrúa til setu í 18 stjórnarnefndum áætlunarinnar en ESB greiðir ferðakostnað fyrir allt að tvo fulltrúa á hvern stjórnarfund. Einnig hefur Ísland tilnefnt landstengiliði fyrir 7. rammaáætlunina en hlutverk þeirra er að kynna og miðla upplýsingum um áætlunina til mögulegra umsækjenda á Íslandi.

### **EFTA**

Í október s.l. fól menntamálaráðuneytið EFTA-skrifstofunni í Brussel að undirbúa þátttöku Íslands í 7. rammaáætlun ESB. Ekki er búist við að hægt verði að afgreiða málið frá Sameiginlegu EES-nefndinni fyrr en í maí á næsta ári en reiknað er með að rannsóknadilar frá Íslandi, Noregi og Lichtenstein fái tækifæri til að senda inn umsóknir þótt ekki verði búið að ganga formlega frá þátttöku landanna í áætluninni. Hins vegar er ekki ljóst á þessari stundu hvort Evrópusambandið muni greiða ferðakostnað fyrir stjórnarnefndarfulltrúa frá þessum löndum á meðan gengið verður frá þátttöku landanna í áætluninni.

Samkvæmt upplýsingum frá EFTA-skrifstofunni í nóvember 2006 lítur út fyrir að kostnaður Íslands, Noregs og Lichtenstein vegna þátttöku í 7. rammaáætluninni verði yfir einn milljarður evra á tímabilinu 2007-2013. Af þessari upphæð greiðir Ísland 4,86% (miðað við núverandi forsendur) sem jafngildir tæpum 56 milljónum evra á næstu 7 árum. Á árinu 2007 er áætlað að greiðslur Ísland til yfirstandandi áætlunar og 7. rammaáætlunarinnar verði samtals um 4,2 milljónir evra.

Ísland hefur áfram gegnt formennsku í vinnuhópi EFTA um rannsóknir á síðari hluta ársins. Hefur hópurinn reynt eins og kostur er að fylgjast með framkvæmd 6. rammaáætlunarinnar og undirbúningi 7. rammaáætlunnar. Á fund hópsins þann 15. nóvember s.l. mætti vísindafulltrúi Þýskalands en Þýskaland tekur við formennsku í Evrópusambandinu af Finnum um næstu áramót. Gerði vísindafulltrúinn grein fyrir dagskrá þýsku formennskunnar. Þar kom fram að ekki stæði til að bjóða vísindaráðherrum EFTA á óformlega fundi með ESB ráðherrum rannsóknamála.

### **ANNAÐ**

Sendiráðið í Brussel skipuleggur reglulega kynningar á framkvæmd EES-samningsins fyrir hópa frá Íslandi og hefur vísindafulltrúi sendiráðsins flutt erindi á þessum fundum um samstarf Íslands og Evrópusambandsins á sviði rannsókna og þróunar.

## **SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTAMÁL**

Evrópusambandið vinnur að mörgum mikilvægum málefnum á sviði samgangna um þessar mundir sem svo oft áður. Regluverk í samgöngumálum er mikið að vöxtum og er

þar að finna margar tæknilegar reglur. Almennt er unnið að því að einfalda það með því að hafa megintexta almennt orðaðan en setja staðla og tæknilegar útfærslur í viðauka. Þessu fylgir einfaldari málsmeðferð, en s.k. comitology nefndir hafa það hlutverk að koma með tillögur að breytingum á viðaukanum og þurfa þeir ekki að fara í eins ítarlegan samþykktarferil og almenn löggjöf.

### **GRÆNBÓK UM MÁLEFNI SIGLINGA OG SJÁVAR**

Grænbók um siglingar og málefni hafsins liggur frammi til umsagnar og hafa hagsmunaaðilar til loka júní 2007 til þess að skila inn umsögn. Grænbókin fjallar um málefni hafsins á breiðum grunni og nær yfir málefni margra ráðuneyta sem á einhvern hátt hafa beinan eða óbeinan snertiflöt við hafið. Þar er t.d. fjallað um siglingamál, ferðamál við við ströndina, hafnamál, umhverfismál, nýtingu auðlinda, byggðamál strandbyggða, vernd fyrir ógnum og ólögmætum aðgerðum frá hafinu, vöktun siglinga og lífríkis, rannsóknir og þróun upplýsingakerfa og einnig fyrirtækjanet t.d. í skipasmíðum og tengdum iðnaði og þjónustu. Nálgun grænbókarinnar tekur mið af markmiðum Lissabon áætlunarinnar um að efla hagvöxt og skapa atvinnutækifæri en í sátt við ólík sjónarmið varðandi vernd og nýtingu sjávar.

Vefslóð fyrir málefni grænbókarinnar:

<http://ec.europa.eu/maritimeaffairs>

### **ÞRIÐJI SIGLINGAPAKKINN**

Áfram er unnið að þriðja siglingamálapakkanum sem inniheldur 7 frumvörp þ.e. að 6 tilskipunum og 1 reglugerð. Tilskipanirnar eru um eftirlit fánaríkja, samræmdar reglur og staðla fyrir skoðanir flokkunarfélaga og skoðunarstofa ríkjanna, ábyrgð skipseigenda og fjártryggingar, sjóslysarannsóknir, hafnaríkiseftirlit og að tilskipun um breytingu á tilskipun um eftirlit með skipaumferð. Nýja reglugerð pakkans er um ábyrgðartryggingu fyrir farþegaflutninga á sjó og vatnaleiðum. Ráðherraráðsfundur samgönguráðherra í desember var samþykkuð frumvarpi að tilskipun um hafnaríkiseftirlit, þó með breytingu er varðar gildissvið þess. Á sama fundi var frumvarp að reglugerð um ábyrgðartryggingu fyrir farþegaflutninga rætt en ekki komist að niðurstöðu. Önnur frumvörp hafa ekki verið rædd í ráðherraráðinu. Siglingapakinn er í meðferð þingsins og verða á dagskrá samgöngunefndar þingsins í lok febrúar.

Nokkur önnur siglingamál hafa verið til umfjöllunar m.a. gaf framkvæmdastjórnin út tilkynningu (communication) um framvindu í Short Sea Shipping (útleggst: flutningur á stuttum sjóleiðum) og næstu skref. Þá samþykkti fyrrnefndur ráðherraráðsfundur fyrir sitt leyti að aðildarþjóðirnar fullgiltu nýju sameinuðu ILO samþykktina, þó með þeim formerkjum að gildistaka í ESB yrði frá og með árinu 2010.

### **PÓSTMÁL**

Þann 18. október á þessu ári lagði framkvæmdastjórnin fram tillögur um framtíðarfyrirkomulag pósthjónustu í Evrópu. Í stuttu máli þá er lagt til að pósthjónusta innan ESB verði gefin frjálts frá og með 2009. Í núverandi löggjöf er heimilt að veita fyrirtækjum einkarétt til pósthjónustu fyrir bréf allt að 50 gr. Í tillögunni er ákvæði um að neytendur eigi rétt á pósthjónustu 5 daga vikunnar. Ríkin geta valið úr ýmsum leiðum til þess að tryggja þessa þjónustu og fjármagna hana. Þá er gert ráð fyrir að opinberar

eftirlitsstofnanir fá stærra hlutverk við að hafa eftirlit með framkvæmd löggjafarinnar. Tillagan er til umfjöllunar í stofnunum ESB en nokkur ágreiningur ríkir um hana meðal aðildarríkjanna.

### **FLUGMÁL – ALMENNT**

Flugmál hafa mjög verið til umfjöllunar á síðari hluta ársins. Evrópusambandið hélt ráðstefnu 20. september sl. þar sem fjallað var um framtíð stofnana og regluverks í flugi. Niðurstaða ráðstefnunnar var í stuttu máli að þörf væri á að endurskoða hlutverk stofnana í flugi og verkaskiptingu þeirra. Fram komu þau sjónarmið að eðlilegt væri að Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins EASA yrði fyrst og fremst öryggisstofnun sem haldi utan um öll flugöryggismál sambandsins þ.m.t. öryggi flugumferðarstjórnar. Hlutverk Eurocontrol yrði m.a. að vera framkvæmdastjórninni til aðstoðar í málefnum er varðar flugumferðarstjórn og samræma hana á milli aðildarríkja. Fram kom það sjónarmið að stofnunin ætti ekki sjálf að veita flugumferðarþjónustu. Hagsmunaaðilar sögðu það skoðun sína að meira samráð ætti að hafa við þá um nýjar reglur og sjá þyrfti til þess að þær væru skýrar og aðgengilegar. Betra væri að sleppa reglum sem væru flóknar, ítarlegar og illa framkvæmanlegar um atriði sem skiptu litlu máli.

Eftir ráðstefnuna var skipaður stýrihópur hátt settra embættismanna með það hlutverk að skrifa tillögur um hvernig mætti bæta regluverkið og skipuleggja betur verkaskiptingu stofnana flugmála.

Slóð fyrir vinnu ESB um einföldum regluverks í flugi:

[http://ec.europa.eu/transport/air\\_portal/2006\\_09\\_20\\_conference\\_en.htm](http://ec.europa.eu/transport/air_portal/2006_09_20_conference_en.htm)

### **LOFTFERÐASAMNINGAR**

Eins og fram kom í skýrslu sendiráðsins fyrir fyrri hluta ársins þá höfðu samninganefndir ESB og bandaríkjanna komist að samkomulagi um nýjan loftferðasamning. Samningurinn var háður því að losað yrði um bandarískar reglur um eignarhald sem segja að þegar annarra landa væri heimilt að ráða yfir mest 25% af atkvæðisrétti bandaríks flugfélags. Bakslag kom í samningaviðræður ESB og bandaríkjanna er bandaríska þingið ákvað nú í nóvember að breyta ekki þessum reglum og er því samningurinn í uppnámi. Á ráðherraráðsfundinum í desember var framkvæmdastjórnin hvött til þess að taka upp viðræður að nýju við Bandaríkin og finna nýtt jafnvægi hagsmuna sem gæti leitt til hagkvæms samnings á milli aðila.

Slóð fyrir vinnu framkvæmdastjórnarinnar að loftferðasamningum:

[http://ec.europa.eu/transport/air\\_portal/international/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/transport/air_portal/international/index_en.htm)

Á ráðherrafundinum í desember var einnig samþykkt að veita framkvæmdastjórninni umboð til þess að hefja samningaviðræður við Úkraínu um loftferðasamning. Þá náði framkvæmdastjórnin samningi við rússnesk stjórnvöld um að yfirflugsgjöld yfir Síberíu og að þau yrðu í núverandi fyrirkomulagi felld niður í síðasta lagi frá og með árinu 2014.

Slóð fyrir samninga framkvæmdastjórnarinnar við Rússland:

[http://ec.europa.eu/transport/air\\_portal/international/pillars/common\\_aviation\\_area/russia\\_en.htm](http://ec.europa.eu/transport/air_portal/international/pillars/common_aviation_area/russia_en.htm)

### **SAMEIGINLEGT EVRÓPSKT LOFTRÝMI – SINGLE EUROPEAN SKY**

Gerðir um SES (Single European Sky) eða sameiginlegt evrópskt loftrými voru teknar inn í EES samninginn á seinni hluta ársins og miða þær að því að samræma loftrými landanna, þ.e. löggjöf um þau og stjórnun þeirra þannig að hún verði ekki bundin landamærum. Á vegum nefndar ESB um samevrópskt loftrými er unnið að útfærslu gerðanna. Samþykkt var á fundi SES nefndarinnar reglugerð um samræmda gjaldtöku fyrir nýtingu loftrýmisins og hefur hún þegar verið birt. Þá náðist samstaða í Evrópuþinginu um reglugerð um stofnun samvinnufélags um þróun sameiginlegs flugstjórnarkerfis Evrópu SESAR. Kerfinu er ætlað að gegna lykilhlutverki við stjórnun Evrópska loftrýmisins og auka afköst þess svo það geti tekið við ört vaxandi flugumferð.

Slóð fyrir vinnu framkvæmdastjórnarinnar að sameiginlegu evrópsku loftrými:

[http://ec.europa.eu/transport/air\\_portal/traffic\\_management/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/transport/air_portal/traffic_management/index_en.htm)

Í júlí kynnti framkvæmdastjórnin frumvarp að reglugerð er varðar endurskoðun þriðja pakkans í flugi. Í reglugerðinni eru þrjár eldri reglugerðir sameinaðar í eina auk þess sem ákvæðin verða skýrari svo auðvelda megi samræmda framkvæmd hennar. Vísað er til síðustu skýrslu sendiráðsins til frekari upplýsinga um þetta mál.

### **FLUGÖRYGGIS- OG FLUGVERNDARMÁL**

Nokkrar breytingar eru að eiga sér stað er varða skipulag flugöryggismála auk þess sem unnið er að endurskoðun þeirra á breiðari grunni sbr. hér að framan. Fyrir ráðherraráðsfundinum í desember var tillaga að breytingu á reglugerð um EASA þar sem stofnuninni eru falin ný verkefni sem áður var unnið að á vettvangi JAA (Joint Aviation Authority) og ECAC (European Civil Aviation Conference). Ráðið samþykkti tillöguna að reglugerðinni fyrir sitt leyti en þingið hefur ekki lokið umfjöllun sinni um málið. Annars vegar felur hún í sér að fela EASA yfirumsjón með s.k. SAFA skoðunum sem eru skyndiskoðanir á flugvélum þriðju ríkja sem hafa viðkomu á flugvöllum bandalagsins eða flugvöllum s.k. ECAC ríkja. Slæm útkoma úr SAFA skoðunum getur leitt til þess að fyrirtæki fari á s.k. svartan lista ESB. Hitt verkefnið sem tillaga er gerð um að verði falið EASA er þróun og yfirumsjón s.k. Jar-Ops reglna sem nú er unnið að á vegum JAA. Jar-Ops eru flugöryggisreglur m.a. fyrir flugvélar, flugliða og flugstarfsemi.

Flugöryggisnefnd ESB kom saman á haustmánuðum og fjallaði um tillögur að nýjum svörtum lista. Niðurstaða náðist um listann og var hann birtur í október. Þá var á vegum flugverndarnefndar ESB unnið að reglum um flutning vökva í handfarangri sem þegar hafa verið birtar eins og margir farþegar hafa áþreifanlega orðið varir við.

Slóðir fyrir vefsíður framkvæmdastjórnarinnar um flugöryggismál og flugverndarmál:

[http://ec.europa.eu/transport/air\\_portal/safety/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/transport/air_portal/safety/index_en.htm)

[http://ec.europa.eu/transport/air\\_portal/security/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/transport/air_portal/security/index_en.htm)

## **LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA FRÁ FLUGVÉLUM**

Framkvæmdastjórnin birti þ. 20. desember frumvarp að breytingartilskipun við tilskipun 2003/87 um viðskiptakerfi með losunarkvóta sem miðaði við að yfirfæra kerfið til flugvéla. Samkvæmt frumvarpinu þurfa flugvélar með brottfarar- og áfangastað innan bandalagsins frá og með 2011 að hafa nægar heimildir fyrir losun CO<sub>2</sub> á flugleiðinni. Frá og með 2012 gildir þetta fyrir flugvélar sem nota flugvelli innan bandalagsins óháð brottfarar- eða áfangastað. Gert er ráð fyrir að heildarkvóti verði stilltur af við meðalnotkun árána 2004-2006 og úthlutað frítt miðað við reynsutölur notenda að undanskildum hluta sem verði boðinn út en eftir er að ákveða hversu stór hann verður. Miðað er við að framkvæmdin verði samræmd yfir bandalagið, framkvæmdastjórnin mun ákveða heildarkvóta en ríkin úthluta og hafa eftirlit með framkvæmdinni en þó þannig að hver flugrekstraraðili standi skil á framkvæmdinni til stjórnvalda eins ríkis bandalagsins. Hægt er að eiga viðskipti við aðrar atvinnugreinar sem falla undir viðskiptakerfið með viðbótarkvóta. Framkvæmdastjórnin telur að frumvarpið, verði það að lögum, geti leitt til 1,8 – 9 evru hækkunar á flugfargjöldum eftir lengd flugleiðar.

Vefslóðir fyrir umhverfismál flugsamgangna:

[http://ec.europa.eu/transport/air\\_portal/environment/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/transport/air_portal/environment/index_en.htm)

[http://ec.europa.eu/environment/climat/aviation\\_en.htm](http://ec.europa.eu/environment/climat/aviation_en.htm)

## **ENDURSKOÐUN FJARSKIPTAPAKKANS**

Endurskoðun fjarskiptapakans stendur yfir og höfðu hagsmunaaðilar til 26. október að skila inn athugasemdum sínum um hugmyndir framkvæmdastjórnarinnar að breytingum. EES-EFTA ríkin skiluðu inn sameiginlegu álitum og er hægt að nálgast það ásamt öðrum athugasemdum á vefsíðu endurskoðunarinnar.

[http://europa.eu.int/information\\_society/policy/ecom/tomorrow/index\\_en.htm](http://europa.eu.int/information_society/policy/ecom/tomorrow/index_en.htm)

EES-EFTA ríkin eru almennt fylgjandi tillögum framkvæmdastjórnarinnar um breytingar á regluverkinu. Í opinberri umræðu um tillögurnar var mest rætt um tíðnimál og voru skoðanir skiptar. EES-EFTA ríkin lýsa sig í aðalatriðum fylgjandi tillögum um að úthlutun tíðna skuli ekki skilyrt við tilekna tækni eða þjónustu. Ríkin styðja einnig framsal tíðna að vissum skilyrðum uppfylltum t.d. um að upprunaleg úthlutun sé tímabundin og að staðið sé vörð um almannahagsmuni s.s. útsendingar í almannapágu. Varðandi hugmyndir um samræmda úthlutun tíðna leggja EES-EFTA ríkin áherslu á að innan EES þurfi EFTA ríkin einnig að geta komið að slíkum ákvörðunum.

EES-EFTA ríkin voru fylgjandi tillögum um að gera markaðsgreiningar fjarskiptamarkaðar aðgengilegri og að tekið yrði tillit til ólíkra aðstæðna á mismunandi markaðssvæðum svo sem stærð markaðar og samkeppnisaðstæðna. Ein stærð fyrir alla ætti ekki við í þessu tilfelli. Hins vegar lögðust þau gegn því að framkvæmdastjórnin fengi höfnunarvald („*veto power*”) á tillögur aðildarlanda um leiðréttingar („*remedies*”) á samkeppnishæfni fjarskiptamarkaðar.

Framkvæmdastjórnin vinnur að því að fara yfir athugasemdirnar og gætu tillögur farið að birtast fyrir mitt ár 2007.

### **Reglugerð um reiki utanlands**

Á vegum framkvæmdastjórnarinnar hefur verið unnið að því að setta ólík sjónarmið varðandi gjöld fyrir reiki utanlands. Enn greinir aðildarríkin á um leiðir, einkum með hvaða hætti skuli setja reglur um smásöluverð.

### **Úthlutun ESB 116 númera**

Til umfjöllunar á vegum framkvæmdastjórnarinnar eru drög að ákvörðun um hvernig staðið skuli að úthlutun símanúmera s.k. 116 númera og ætluð fyrir þjónustu fyrirtækja sem er samæmd fyrir ESB löndin og aðgengileg hvaðan sem er innan ESB. Drögin miðuðu við að framkvæmdastjórnin úthlutaði númerunum eftir tilteknum reglum. EFTA ríkin eru ekki fyllilega sammála tillögum framkvæmdastjórnarinnar og var send umsögn frá EFTA skrifstofunni til Evrópusambandsins um drögin.

### **ENDURSKOÐUN SAMGÖNGUSTEFNU EVRÓPUSAMBANDSINS**

Vísað er til umfjöllunar síðustu yfirlitsskýrslu um endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á stefnu sinni í samgöngumálum "European transport policy for 2010 : time to decide".

Vefslóð varandi hvítbókina:

[http://ec.europa.eu/transport/white\\_paper/mid\\_term\\_revision/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/transport/white_paper/mid_term_revision/index_en.htm)

### **Afturvirkar kröfur um baksýnispepla á vöruflutningabifreiðar yfir 3,5 tonn**

Á fundi samgönguráðherra í desember var fjallað um frumvarp framkvæmdastjórnarinnar að tilskipun þar sem þess var krafist að setja skuli sérstaka tegund af baksýnispeglum á flutningabifreiðar yfir 3,5 tonn og að kröfurnar giltu fyrir alla bíla voru nýskráðir sl. 10 ár. Ráðherraráðið samþykkti fyrir sitt leyti að kröfurnar næðu til bifreiða sem skráðar voru frá og með 1. janúar 2000.

### **eSafety áætlun Evrópusambandsins**

Á vegum ráðuneytis upplýsingasamfélagsins og fjölmiðlunar er unnið að nokkrum verkefnum á sviði umferðaröryggismála er varða rannsóknar og þróunarvinnu um notkun upplýsingatækni í þágu umferðaröryggis. Þau voru meðal 28 tillagna sem sérstakur verkefnahópur, eSafety, lagði til í skýrslu sinni frá nóvember 2002 að framkvæmdastjórnin tæki til meðferðar og samþykkt var að vinna að. Meðal þeirra var einnig tillaga um að stofna sérstakan samráðsvettvang stjórnvalda ESB og atvinnulífs, eSafety Forum um að fylgja þessum tillögum eftir og styðja við þróun, markaðssetningu og notkun upplýsingakerfa í samgöngum sem auka umferðaröryggi. Samráðsvettvangurinn hefur framkvæmdaráð sem heldur utan um fundi þess og vinnuhópa á vegum þess. Vinnuhóparnir fjalla m.a. um

- Uppbyggingu gagnabanka um umferðarslys
- Viðmót tæknibúnaðar *Human Machine Interaction (HMI)* - sem snýst um að finna framsetningar- og samskiptalausnir upplýsingatæknibúnaðar svo öikumenn geti nýtt sér upplýsingar við akstur en haldi jafnframt óskertri athygli við akstur bifreiðarinnar eða því sem næst.



Meðal þeirra verkefna sem unnið er að undir eSafety áætlun bandalagsins er eCall verkefnið. Verkefnið snýst um að þróa tæknibúnað til að koma á sjálfvirkri hringingu úr bílum eftir neyðaraðstoð ef slys verður. Er talið að með því megi flýta talsvert viðbrögðum neyðaraðila sem gæti dregið úr slysum og jafnvel bjargað mannlífum. Jafnframt kæmist á talsamband sem þýðir að þeir sem eru á slysstað gætu þá upplýst neyðarþjónustu nánar um hvað gerst hefur.

Ísland hefur gerst formlegur aðili að undirbúningi á vegum Evrópusambandsins að því að koma á sjálfvirkri hringingu úr bílum eftir neyðarhjálp ef til slyss kemur. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra undirritaði 11. desember í Brussel viljayfirlýsingu ESB um málið.

Slóð á fréttatilkynningu um undirskrift Íslands á viljayfirlýsingu eCall:  
[http://europa.eu.int/information\\_society/activities/esafety/index\\_en.htm](http://europa.eu.int/information_society/activities/esafety/index_en.htm)

## **SJÁVARÚTVEGSMÁL**

### **MÁL SEM TENGJAST VIÐAUKA I Í EES-SAMNINGNUM**

- Sjá umfjöllun í kafla um landbúnaðarmál.

### **MÁL SEM TENGJAST SJÁVARÚTVEGI OG UMHVERFISMÁLUM**

- Sjá jafnframt umfjöllun í kafla um umhverfismál hér á eftir

#### ***EU Marine Strategy – Hafstefna ESB. Rammatilskipun um umhverfisstefnu varðandi hafið***

Evrópusambandið hefur um skeið unnið að mótun tillagna um rammatilskipun um umhverfisstefnu varðandi hafið og kynnti framkvæmdastjórnin drög að tilskipun um málið haustið 2005 undir yfirskriftinni „*A Proposal for a Directive establishing a Framework for Community Action in the field of Marine Environmental Policy – Marine Strategy Directive*”. Markmið stefnunnar er að vernda höf Evrópu og tryggja að athafnir er varða hafið séu sjálfbærar þannig að til framtíðar muni allir njóta góðs af líffræðilegum fjölbreytileika og öruggum, hreinum og framleiðnum höfum. Hafstefnan á að taka til NA-Atlantshafs, Eystrasalts, Miðjarðarhafs og Svartahafs. Henni er ætlað leiðandi hlutdeild í heildarstefnu ESB um málefni sjávar og siglinga („*Future Maritime Policy for the Union*”) en framkvæmdastjórn ESB kynnti Grænbók um það mál í júní 2006 (sbr. umfjöllun hér á eftir). Fulltrúar íslenskra stjórnvalda tóku nokkurn þátt í undirbúningi stefnumörkunarinnar á sínum tíma og sendu íslensk stjórnvöld athugasemdir sínar við tilskipunardrögin þegar þau lágu fyrir. Athugasemdirnar voru unnar í samvinnu utanríkisráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis.

Evrópuþingið lauk umfjöllun sinni um Hafstefnuna þann 14. nóvember s.l. og áframsendi málið til ráðsins og hafa nú farið fram viðræður milli aðila um þær breytingar sem samþykktar voru með yfirgnæfandi meirihluta í þinginu (573 atkvæði gegn 8, 13 sátu hjá). Varðandi breytingartillögur þingsins ber hæst að skilgreina þurfi betur lykilhugtakið í inntaki tilskipunarinnar - „*Good Environmental Status*”, sem hefur hvort tveggja skýrskotun til vistkerfis hafsins og ástands fiskistofna. Samhliða þurfi að skerpa á

lagalegum skuldbindingum aðildarríkjanna til að uppfylla settar kröfur um GES eigi síðar en árið 2017. Þingið leggur til að fyrir hvert hafsvæði („*marine regions*”) skuli aðildarlöndin ná settum markmiðum um GES með því að þróa staðbundna hafstefnu og verndunaraðgerðir fyrir skilgreind svæði og undirsvæði þeirra, sem vísað verði til sem „*marine protection areas*”. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að tryggja samvinnu svæðisbundinna stjórnvalda og ýmissa hagsmunaaðila við útfærsluna. Aðildarlöndunum er einnig falið að móta hvernig best verði staðið að stjórnun hafsvæðanna og áhersla lögð á að aðildarríkin verði gerð ábyrg fyrir framkvæmd löggjafarinnar. Það sé þó einnig ljóst að framkvæmd hafstefnunnar muni fela í sér yfirþjóðlegar skuldbindingar og hljóti að kalla á samninga og samstarf við þriðju ríki. Mælt er með því að aðildarlöndin verði tilbúin með aðgerðaáætlanir sínar um útfærslu hafstefnunnar fyrir einstök svæði árið 2012, í stað 2016 eins og tillögur framkvæmdastjórnarinnar gerðu upphaflega ráð fyrir, og framkvæmdin fari af stað árið 2014 eða fjórum árum fyrr en framkvæmdastjórnin lagði til.

Samstaða þingins og ráðsins um Hafstefnuna kristallaðist á ráðherrafundi umhverfismálaráðherranna (Environmental Council) þann 18. desember 2006, þar sem pólitísk samstaða náðist um málið.

#### ***EU Maritime Policy – Heildstæð stefnumörkun í málefnum sjávar og siglinga***

Í byrjun júní 2006 kom út grænbókin „*Towards a future Maritime Policy for the Union: A European vision for the oceans and seas*” í því skyni að efna til umræðna um mörkun heildstæðrar stefnu ESB í málefnum sjávar og siglinga til framtíðar. Einungis með aukinni og samstilltri samvinnu hinna mismunandi hagsmunaaðila verði hægt að sporna við minnkandi líffræðilegum fölbreytileika sávar vegna mengunar, loftslagsbreytinga og ofveiði og vinna að sjálfbærri nýtingu auðlinda hafsins.

Eins og greint er frá hér að framan hefur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögur að rammatilskipun sem náðst hefur pólitísk samstaða um, varðandi **umhverfi** hafsins („*Marine Strategy*”). *Hafstefnunni* er ætlað að marka umhverfishlutann í boðaðri heildarstefnu Evrópusambandsins um málefni sjávar og siglinga þar sem litið er á málefni hafsins í enn víðtækara samhengi. Þannig er stefnt er að því að ná sameiginlegri sýn og samtaka aðgerðum allra sem málin varðar; þeirra sem fara með stjórnir hafna, fiskveiðar, strandeftirlit, orkumál, aðgerðir gegn mengun sjávar o.fl. Talið er nauðsynlegt að tryggja góða og samhæfða stjórnun á öllum stigum hvort sem litið er til alþjóðasamfélagsins, einstakra ríkja, svæða eða sveitarfélaga.

Rætt er um að stórefla þurfi rannsóknir og tækni er varða hafið og móta framtíðarsýn í þeim efnum. Nýta þurfi markvisst rammaáætlanir ESB um rannsóknir og þróun í þessum tilgangi. Í grænbókinni er fjallað um mikilvægi þess að til staðar séu góðar upplýsingar um ástand sjávar og gera þurfi átak í því að samræma slíkar upplýsingar og tryggja áreiðanleika þeirra. Lagt er til að ESB íhugi að koma upp samevrópsku kerfi til safna og vista upplýsingar um ástand sjávar, „*European Marine Observation and Data Network*”. Þá er lagt til að unnið verði ítarlegt yfirlit yfir evrópsk hafsvæði („*European coastal waters*”) og skipulag á nýtingu þeirra.

Grænbókin er nú til almennrar umfjöllunar og að sögn finnur framkvæmdastjórninni fyrir miklum áhuga einkum hagsmunaaðila strandsvæða. Þjóðverjar sem tóku við formennsku í ESB 1. janúar 2007 munu standa fyrir ráðstefnu um málið í Bremen 3.-4. maí nk.og munu margir nýta sér þann vettvang til að koma með innlegg í málið. *Frestur til að koma að hugmyndum og athugasemdum við grænbókina er til 30. júní 2007.* Í lok árs 2007 mun Framkvæmdastjórn ESB síðan kynna fyrir ráðinu og þinginu hvaða viðtökur grænbókin hefur fengið og leggja fram tillögur um framhaldið.

Ljóst er að málið er brýnt og mikilvægt að fylgjast með þróun þess og leggja mat á hverjir hagsmunir geti verið í húfi fyrir Ísland og koma athugasemdum á framfæri ef því er að skipta. Í því sambandi er rétt að geta þess að framkvæmdastjóri sjávarútvegsmála hjá ESB hefur boðið fulltrúa Íslands fulla þátttöku í því að vinna úr hugmyndum grænbókarinnar. Málið er yfirgripsmikið og varðar verksvið nokkurra ráðuneyta, auk sveitarfélaga og ýmissa hagsmunaaðila. Utanríkisráðuneytið hefur þegar lagt drög að markvissum samræðum ráðuneytanna og fulltrúa Samtaka sveitarfélaganna um grænbókina og vakið athygli ýmissa hagsmunaaðila á málinu. Þá er tilefni til að skoða samvinnu EFTA-rikkjanna og hvort fjalla þurfi um stefnumörkunina á víðari grunni innan EFTA en nú er gert til að virkja þá þekkingu sem þar er til staðar.

#### **HELSTU STEFNUMÁL FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR ÁRIÐ 2007**

Í ræðu sem Joe Borg framkvæmdastjóri ESB á sviði sjávarútvegsmála hélt á fundi ráðgjafanefndar sambandsins um þennan málaflokk (*ACFA - Advisory Committee on Fisheries and Maritime Affairs*) 7. des. sl. gaf hann yfirlit yfir þau mál sem framkvæmdastjórnin mun setja á oddinn árið 2007 og bar þar eftirfarandi hæst:

- *Markaðsmál* – Framkvæmdastjórnin er í miðjum klíðum við heildarúttekt á sameiginlegum markaðsaðgerðum ESB og stefnir að því að leggja fram tillögur í lok ársins eða í byrjun árs 2008 um framtíðarskipulag í þessum efnunum til næstu ára (*Common Market Organisation*).
- *Heildstæð stefna í málefnum sjávar og siglinga* – Í kjölfar yfirstandandi umræðna um grænbók ESB um mikilvægi heildstæðrar stefnumörkunar í málefnum sjávar og siglinga (*Maritime Policy*), mun framkvæmdastjórnin senda frá sér orðsendingu (*Communication*) í lok árs 2007 um málið með tillögum um aðgerðir til næstu ára. Það skal tekið fram að athugasemdir við grænbókina þurfa að berast fyrir 1. júlí nk.
- *Brottkast* – Að sögn Joe Borg er löngu kominn tími fyrir opnar og hreinskiptar umræður um hvernig bregðast skuli við brottkasti afla á skilvirkan hátt. Til að ýta slíkum umræðum úr vör boðar framkvæmdastjórnin orðsendingu (*Communication*) á árinu um mögulegar leiðir í þessum efnunum.
- *Barátta gegn ólöglegum fiskveiðum* er á forgangslista ESB árið 2007 að sögn Joe Borg. Framkvæmdastjórnin mun leggja fram tillögur í júlí nk. annars vegar í formi orðsendingar um mögulegar aðgerðir gegn ólöglegum fiskveiðum, og hins vegar í formi tillagna til ráðherraráðsins að reglugerð um málið. Ætlunin er að

gera átak í því að hindra þátttöku skipa og einstaklinga frá löndum ESB í ólöglegum veiðum, koma í veg fyrir að ólöglegur afli rati inn á evrópskan markað og þróa leiðir til að styrkja baráttuna gegn ólöglegum fiskveiðum á alþjóðavísu. Boðað er náið samráð við hagsmunaaðila um útfærslu þessara mála. Þess má geta að liður í þessari umræðu er ráðstefna sem ein af nefndum þingsins (*The Intergroup of Sustainable Development of the EP*) boðar til 30. janúar nk. um lykilhlutverk fánaríkja í eftirliti með fiskveiðum, þar sem Steinar Ingi Matthíasson sérfræðingur í sjávarútvegsráðuneytinu verður með innlegg um fyrirkomulag eftirlitsmála á Íslandi.

Ræðu Joe Borg má nálgast á eftirfarandi slóð:

[http://ec.europa.eu/fisheries/press\\_corner/speeches/speech06\\_11\\_en.htm](http://ec.europa.eu/fisheries/press_corner/speeches/speech06_11_en.htm)

## UMHVERFISMÁL

### **VIÐSKIPTI MEÐ LOSUNARHEIMILDIR GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA (ETS-EMISSION TRADING SCHEME)**

Þann 1. janúar 2005 tók gildi í Evrópusambandinu tilskipun nr. 2003/87/EC, sem gerir möguleg viðskipti með ústreymisheimildir gróðurhúsalofttegunda í þeim tilgangi að draga úr losun þeirra. Framkvæmdastjórn ESB hefur frá upphafi álitid að tilskipunin eigi heima undir EES-samningnum og eru rökin fyrst og fremst þau að um sé ræða gerð sem varði innri markaðinn. Síðustu mánuði hefur verið unnið að upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn.

Gildissvið tilskipunarinnar er bundið við tiltekna starfsemi og tekur hún til ústreymis gróðurhúsalofttegunda frá m.a. orkuframleiðslu (olía, kol og gas) svo framleiðslu og úrvinnslu á járn og pappírsiðnaðar og annarrar skildrar starfsemi. Tilskipunin tekur sem stendur einungis til þeirrar starfsemi sem losar koltvíldi (CO<sub>2</sub>). Samkvæmt tilskipuninni eru það losunarheimildir samkvæmt útgefnu starfsleyfi, en ekki raunlosun, sem ráða því hvort viðkomandi starfsemi fellur undir gildissvið tilskipunarinnar.

Sett hefur verið upp sérstakt viðskiptakerfi í kringum viðskipti með ústreymisheimildir, sem er þannig í framkvæmd að aðildarríkin skulu hvert um sig gera landsáætlun um úthlutun losunarheimilda gróðurhúsalofttegunda fyrir hvert tímabil og skila þeim til Framkvæmdastjórnar ESB. Með þessu ákvæði skal vera tryggt að aðildarríkin freistist ekki til þess að úthluta umframheimildum til þeirra fyrirtækja sem falla undir tilskipunina á kostnað starfsemi sem fellur utan við gildissvið hennar.

Fyrsta tímabil tilskipunarinnar hófst 1. janúar 2005 og því lýkur 31. desember 2007. Næsta tímabil, og hvert tímabil þar á eftir, verða til fimm ára. Tilskipunin gerir hins vegar ráð fyrir að skoðað verði hvort fella beri aðra starfsemi undir hana á næsta tímabili, 2008-2012.

Mikil umræða hefur verið innan ESB um að fella flugstarfsemi, þ.e. ústreymi gróðurhúsalofttegunda frá flugstarfsemi, undir ákvæði tilskipunarinnar. Hinn 20. desember sl. kom síðan formlega fram tillaga framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á tilskipun

2003/87 þess efnis að flugstarfsemi skuli felld undir viðskiptakerfi tilskipunarinnar frá og með 1. janúar 2011. Fyrst um sinn verði flug frá einu ESB-ríki til annars hluti af kerfinu en eftir 1. janúar 2012 muni tilskipunin ná til alls flugs til og frá flugvelli í Evrópusambandinu. Mun flugstarfsemi þá verða úthlutað sérstökum losunarheimildum fyrir CO<sub>2</sub>. Ef þetta verður endanlega niðurstaða þá mun kerfið væntanlega ná með einum eða öðrum hætti til allra flugfélaga sem fljúga til landa ESB, einnig þeirra sem hafa ríkisfang annars staðar. Samkvæmt Kyoto sáttmálanum fellur útblástur frá flugvélum í alþjóðaflugi ekki undir ákvæði hans. (Sjá einnig umfjöllun samgönguráðuneytis.)

#### **EU MARINE STRATEGY – HAFSTEFNA ESB. RAMMATILSKIPUN UM UMHVERFISSTEFNU VARÐANDI HAFIÐ**

Frá því á árinu 2002 hefur ESB unnið að tillögum um rammatilskipun um umhverfisstefnu varðandi hafið og kynnti drög að tilskipun um málið haustið 2005 undir heitinu „*Draft Proposal for a Directive establishing a Framework for Community Action in the field of Marine Environmental Policy*“. Tillagan byggist á stefnu um vernd hafsvæða sem ESB kynnti á síðasta ári. Hún er umhverfishluti í svonefndri „Future Maritime Policy for the Union“, sem yrði heildarstefna um málefni sjávar en í júní á þessu ári kynnti Framkvæmdastjórnin Grænbók um það mál.

Í sjöttu umhverfisáætlun ESB (The Sixth Environment Action Programme (EAP) er kveðið á um að komið verði upp stefnu sem stuðli að sjálfbærri nýtingu hafsins og verndun vistkerfa þess. Frá árinu 2003 hafa vinnuhópar innan Framkvæmdastjórnarinnar unnið að einstökum atriðum stefnumörkunarinnar, en vinnu þeirra lauk formlega með ráðstefnu hagsmunaaðila í nóvember 2004. Framkvæmdastjórnin hefur kynnt drög stefnumörkunarinnar og gaf í kjölfarið kost á athugasemdum með svokölluðu „internet consultation“. Sú stefnumörkun sem þar var kynnt var í formi almennt orðaðra markmiða og hugmynda. Fulltrúar íslenskra stjórnvalda tóku nokkurn þátt í undirbúningi stefnumörkunarinnar og sóttu m.a. nokkra fundi vinnuhópa.

Framkvæmdastjórnin kynnti síðan sem fyrr segir, drög að tilskipun haustið 2005 sem ber yfirskriftina „*Draft Proposal for a Directive establishing a Framework for Community Action in the field of Marine Environmental Policy*“. Yfirlýst markmið stefnunnar er að vernda höf Evrópu og tryggja að athafnir er varða hafið séu sjálfbærar þannig að til framtíðar munu allir njóta góðs af líffræðilegum fjölbreytileika og heilbrigðum höfum sem eru örugg, hrein og framleiðin. Hafstefnan á að taka til NA-Atlantshafs, Eystrasalts, Miðjarðarhafs og Svartahafs og er henni ætlað leiðandi hlutdeild í væntanlegri „Maritime Policy for the Union“ og er þá fyrst og fremst verið að horfa til umhverfis- og verndunarhluta þeirrar stefnu.

Markmið rammalöggjafarinnar er að náð verði „good environmental status“ í höfum Evrópu árið 2021 (ártalið valið vegna fyrstu endurskoðunar á sk. „*River Basin Management Plans*“). Löggjöfin mun einungis skilgreina almenn markmið og meginreglur á ESB stigi.

Vegna ólíkra aðstæðna, vandamála og þarfa er kveðið á um að komið verði upp „*European Marine Regions*“ og „*sub-regions*.“ Horft er til eðlis- og haffræðilegra

eiginleika, líf- og vistkerfa við ákvörðun um afmörkun svæða. Svæðin eru þær einingar sem saman er ætlað að tryggja framgang meginmarkmiða stefnunnar.

Evrópuþingið lauk fyrstu umfjöllun um Hafstefnuna þann 14. nóvember s.l. og greiddi atkvæði og áframsendi málið til Ráðsins. Náðist pólitísk samstaða um málið á fundi ráðsins hinn 18. desember. sl. vegna þeirra breytinga sem samþykktar voru í þinginu. Hæst bar að ráðið taldi að skilgreina þyrfti og styrkja lykilhugtak tilskipunarinnar, sem er "Good Environmental Status". Þar er fyrst og fremst tvennt sem skiptir mestu máli annars vegar vistkerfi hafsins og hins vegar ástand fiskistofna. Ráðið hefur einnig fjallað um svæðisbundna samvinnu og leggur áherslu á að ríkin sjálf séu ábyrg fyrir framkvæmd löggjafarinnar, þó að margt snúi að svæðisbundnum stjórnvöldum.

Haldnir hafa verið þó nokkrir fundir með hagsmunaaðilum og sá síðasti þeirra var haldinn 29. nóvember s.l. og stóð umhverfisskrifstofa ESB fyrir þeim fundi. Þar kom m.a. fram að gert væri ráð fyrir því að eftirlitsþáttur tilskipunarinnar skyldi taka á svæðisbundnum umhverfisvandamálum og að endurskoða þyrfti stefnuna reglulega, jafnvel á 6 ára fresti.

#### ***EU MARITIME POLICY – HEILDSTÆÐ STEFNUMÖRKUN Í MÁLEFNUM SJÁVAR OG SIGLINGA***

Í mars 2005 setti Framkvæmdastjórn ESB á fót starfshóp sem fjalla skyldi um málefni er tengjast hafinu. Starfshópnum var ætlað að gera tillögu að samræmdri stefnu ESB varðandi allt er við kemur hafinu og setja átti fram og þróa nýja stefnu Evrópu og þróa samráðsferli í málefnum sjávar og siglinga (*Maritime strategy*). Ætlunin var að komið yrði á nýrri sýn á málefni sjávar og taka hagsmuni ESB til viðtækrar endurskoðunar með það að markmiði að stefnan taki á stórum málaflokkum á verksviði margra framkvæmdastjóra ESB.

Grænbók um málið kom út í júní sl. undir heitinu: „*Towards a future Maritime Policy for the Union: A European vision for the oceans and seas*”. Markmiðið með grænbókinni er að efna til umræðna um heildarstefnu í málefnum sjávar til framtíðar. Helstu áhyggjuefni séu minnkandi líffræðilegur fjölbreytileiki sjávar vegna mengunar, loftslagsbreytinga og ofveiði. Mikilvægt sé að tryggja góða stjórnun á öllu því sem við kemur málefnum sjávar. Stuðla þurfi að sjálfbærri þróun og að vernda vistkerfi. Til þess að það sé hægt þurfi að auka samvinnu og að samþætta málefni sjávar í alla stefnumótun.

Eins og fyrr segir hefur framkvæmdastjórnin sett fram tillögur um að komið verði á fót umhverfisstefnu varðandi hafið (*Marine Strategy*). Í þessu sambandi þurfi nú að líta á umhverfi sjávar í heild og nauðsynlegt sé að tryggja góða stjórnun á öllum stigum hvort sem varðar ESB-ríki, svæði eða sveitarfélög.

Hvað varðar sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins á að skoða hvernig stefna í málefnum sjávar og siglinga geti stuðlað að því að markmiðum umhverfisstefnu um hafið verði náð (*Marine Thematic Strategy*) og að umhverfisstefnan varðandi hafið (*Marine Strategy*) verði umhverfishluti í stefnu í málefnum sjávar og siglinga (*Maritime Policy*). Með góðu ástandi sjávar sé m.a. átt við ástand fiskistofna. Stefnan verði að sameiginlegri sýn allra sem málið

varði því einnig siglingar, hafnir, fiskveiðar, strandeftirlit, orkumál, aðgerðir gegn mengun sjávar o.fl.

Hvað varðar loftslagsbreytingar á Norðurskautinu tekur grænbókin til þess að það geti leitt til breyttrar framtíðarstefnu í málefnum siglinga og sjávar, en ein megináherslan er að berjast gegn loftslagsbreytingum. Í þessu sambandi er sérstaklega tekið á skipaflutningum og flugmálum svo og að skipaiðnaðurinn sé stærsti mengunarvaldur andrúmslofts í Evrópu og frá skipum sé að koma meira CO<sub>2</sub> útstreymi en frá flugi. Þróa þurfi nýja tækni til að taka á þessum málum.

Hvað varðar rannsóknir og tækni að því er varðar hafið er rætt um hvernig bæta megi þann þátt, en skortur sé á framtíðarsýn í þessum efnum. Vísað er í 7. rammaáætlunina í þessu samhengi og stungið upp á að sett verði upp rannsóknarstofnun til að safna þekkingu á málefnum sjávar, svo sem auðlindum sjávar, áhrifum loftslagsbreytinga o.fl.

Í grænbókinni er fjallað um að góðar upplýsingar um ástand sjávar séu mikilvægar en gera þurfi átak í því að samræma slíkar upplýsingar og tryggja áreiðanleika þeirra. Lagt er til að ESB íhugi að koma upp sérstöku evrópsku kerfi til að geyma upplýsingar um ástand sjávar, *European Marine Observation and Data Network*. Í því skyni þurfi ESB að koma á löggjöf og taka nauðsynleg skref til að tryggja fjármagn. Þá er einnig lagt til að gefinn verði gaumur að því að koma upp ítarlegu korti af *European coastal waters*, evrópskum hafsvæðum, og skipulagi á nýtingu þeirra.

Framkvæmdastjórninni eru þegar farnar að berast athugasemdir vegna grænbókarinnar og finnur fyrir miklum áhuga einkum hagsmunaaðila strandsvæða. Þjóðverjar sem verða með formennsku í ESB fyrri hluta árs 2007 munu standa fyrir ráðstefnu í Bremen í maí. Frestur til að koma að hugmyndum og athugasemdum er til 30. júní 2007. Í lok árs 2007 mun Framkvæmdastjórn ESB kynna þau samskipti bæði í ráðinu og í þinginu með niðurstöðum að því er varðar þær athugasemdir sem munu berast og leggja fram tillögur um framhaldið.

#### **TILSKIPUN UM EFNI OG EFNAVÖRUR - REACH**

Um þriggja ára skeið hefur hjá ESB staðið yfir undirbúningur að nýrri efnalöggjöf Evrópu, REACH, sem stendur fyrir **R**egistration, **E**valuation, **A**uthorisation and restriction of **C**hemicals. (Skráning, mat og leyfisveiting efna). Evrópuþingið afgreiddi málið þann 13. desember s.l. og Ráðherraráðið (Council) samþykkti málið endanlega á ráðsfundi 18. desember sl. Löggjöfin tekur gildi um mitt ár 2007, en sjálf innleiðing hennar mun taka alls allt að 11 árum. Sú löggjöf sem fyrir er hefur ekki þótt hafa gefið nógu góða raun er kemur að öryggi almennings og umhverfis sérstaklega þegar kemur að mati á áhættu af völdum efna og er talin hafa hamlað nýsköpun í iðnaði.

Markmiðið með REACH er að vernda betur heilsu manna og umhverfi án þess að draga úr samkeppnishæfni og á að stuðla að meiri nýsköpun í efnaiðnaði á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Framleiðendur og innflytjendur efna skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að draga úr áhættu af völdum efnanotkunar. Sönnunarbyrðin verður þar með á iðnaðnum en ekki yfirvöldum eins og nú er.

Framleiðendur og innflytjendur allra efna í magni yfir 1 tonni á ári á EES er gert að skrá efnin í miðlægan gagnagrunn. Aðeins hrein efni verða skráningarskyld, ekki efnablöndur. Öll efni í framleiðsluvörum, sem losna út í umhverfið eða eru skaðleg munu verða skráningarskyld en efni sem eiga ekki að geta losnað út í umhverfið eru tilkynningarskyld.

Þau efni sem hafa óæskilega hættu í för með sér fyrir umhverfi og heilsu manna verða háð leyfum. Það eru efni sem valda krabbameini, stökkbreytingum, breytingum á erfðaefni eða fósturskaða. Einnig efni sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum, valda eituráhrifum til lengri tíma eða öðrum sambærilegum skaða. Til þess að leyfi fáiast veitt fyrir notkun efnis þarf viðkomandi fyrirtæki að geta sýnt fram á að efnið megi nota á öruggan hátt, að önnur efni geti ekki komið í staðinn. Ef ekki að sýna fram á að þeir kostir sem notkun efnis hefur í för með sér vegi upp gallana.

Eftir að REACH tekur gildi munu fyrirtæki hafa eitt og hálf ár til forskráningar. Markmið forskráningar er að greiða fyrir samfloti fyrirtækja við skráningu efna, en skv. REACH er við það miðað að hvert efni sé einungis skráð einu sinni. Forskráning einfaldar skráningarferlið í framhaldinu og á að geta dregið úr dýratilraunum og hvetur til samstarfs hjá iðnaðinum um skráningu. Með skráningu mun þurfa að gera grein fyrir efnaeiginleikum, notkunarviði og leiðbeiningum svo meðhöndla megi efni á öruggan hátt. Óheimilt verður að markaðssetja efni og efnavörur, sem fellur undir REACH, nema efnið hafi verið skráð hjá Efnastofnuninni.

Sérstakri stofnun, Efnastofnun Evrópu (ECHA), verður komið á laggirnar undir gagnagrunninn þar sem upplýsingum um efni og efnanotkun á EES verður haldið til haga. Stofnunin, sem staðsett verður í Helsinki í Finnlandi, verður ráðgefandi, um hlutverk yfirvalds með efnaskráningum ásamt því að útbúa fræðsluefni fyrir almenning.

Umhverfisráðuneytið mun hafa frumkvæði að því að fara yfir hvort innleiðing REACH kallar á einhverjar aðlaganir fyrir Ísland og skoðað verður með aðkomu Íslands að Efnastofnun Evrópu.

### **ÁHERSLUR Á SVIÐI UMHVERFISMÁLA Á FORMENNSKUTÍMABILI ÞÝSKALANDS, 1. JAN. – 30. JÚNÍ 2007.**

Þjóðverjar hafa kynnt helstu áherslumál á formennskutímabili sínu, þau helstu á sviði umhverfismála eru:

#### **Loftslagsmál:**

- Minnka útstreymi mengandi lofttegunda í ESB um 30% frá og með árinu 2020.
- Kyoto II, fyrir tímabilið eftir árið 2012.
- Loftslagsbreytingar (Climate change, Green book)
- Frekari útvíkkun á viðskiptakerfi með útstreymisheimildir gróðurhúsalofttegunda, ETS (Emission Trading Scheme)

#### **Varðveita líffræðilega fjölbreytni (Conserving Biological Diversity)**

##### **Lisbon Strategy:**

- Loftlagsbreytingar (Climate change)
- Orkumál út frá sjónarhorni umhverfis (Energy from an environmental perspective)
- Umhverfismál, tengd nýbreytni og atvinnumálum (innovation, employment)



- Betra fyrirkomulag varðandi reglugerðir (Better regulation)

**Vatn:**

- Takmarka hættuleg efni á vatnasviðinu (Restricting hazardous substances emission in water sector)

**Úrgangur:**

- Rammatilskipun um úrgang (Waste Framework Directive)

**Efni og efnavörur:**

- Reglugerð um bann við notkun kvikasilfurs.
- POPs
- **Globally Harmonised System of Classification and Labelling of Chemicals-GHS**

**Verndun jarðvegs:** (Soil conservation)

**Annað:** Tilskipun um loftgæði (Air quality directive),  
LIFE+,  
Tilskipun um varnir gegn flóðum.

**Umhverfistengd áherslumál:**

**Umhverfisvænni samgöngur** (Environmentally sound mobility):

- Útstreymi frá flugi verði tekið inn í ETS (Incorporating Air Traffic into ETS)
- Takmarka enn frekar losun CO<sub>2</sub> í útblæstri bifreiða (2008: 140g CO<sub>2</sub>/km, 2010: 120g CO<sub>2</sub>/km)
- Útstreymismörk frá fólksflutningabifreiðum, (fyrir PM and NO<sub>x</sub>; EURO 5/6)
- Útstreymismörk frá bifreiðum í atvinnurekstri, (fyrir PM and NO<sub>x</sub>; EURO VI)
- Endubæta tilskipun um eldsneyti. (Amending the Fuel Directive.)

**Umhverfismál-orkumál:** (Action Plan Energy Policy for Europe):

- Orkunýtni (Energy Efficiency)
- Endurnýjanlegir orkugjafar (Renewable energies)
- Hreinni kol

**Vistvæn iðnaðarstefna** (Ecological Industrial Policy)